

ORÐSPOR

1

Íslenska fyrir miðstig grunnskóla



Lestrarráð!

Kæri nemandi,

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur.
Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókin?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifaðu hjá þér minnispunkta.
- Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- Spyrdðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.

ORÐSPOR 1



1. KAFLI

Efnisyfirlit

4 Hvað er málið með þessa bók?

6 Tungumálið

7 Hvað er tungumál?

8 Kobba og Flúbbi

9 Tungumál heimsins

12 Á íslensku má alltaf finna svar ...

16 Af hverju má ég ekki bara lesa
Skúla skelfi aftur og aftur og aftur?

2. KAFLI

20 Heimsborgarar

22 Stafsetningarsjónaukinn

24 Kúnnstín að læra

25 Glósa, glósa, glósa

30 Þannig týnist tíminn

34 Bókasafnið

3. KAFLI

40 Að vita meira og meira, meira í dag en í gær

41 Fróðleikur um fræðitexta

42 Lestrartækni – forlestur, lestur og eftirlestur

44 Það er leikur að lesa

46 Allir eru fróðir um eitthvað

4. KAFLI

48 Brynja og Bragi eru flottar fyrirmyndir

50 Ísland gamla Ísland

52 Lestur er lostæti

54 Lestur er undirstaða alls náms

56 Persóna verður til

61 Málfróður mælir: Nafnorð

62 Sögusvið

66 Bókakynning

68 Málfarasmolinn

70 Heimsborgarar

72 Hvað á ég að gera? Leiðbeiningar og fyrirmæli

73 Listin að leiðbeina

74 Útlit og innihald

76 Málfróður mælir: Sagnorð

77 Kanntu brauð að baka?

80 Vigdís Finnbogadóttir

82 Stafsetningarsjónaukinn

84 Ljóðaljóð sem kveikir glóðaglóð

85 Er þetta ljóð?

88 Ég hef sagt það áður og segi það aftur ...

90 Gefðu því líf

92 Eitt eilífðar smáblóm

94 Málfarsmolinn

96 Stafsetningarsjónaukinn

98 Fjölmiðlar

99 Hvað eru fjölmiðlar?

102 Fréttir og fyrirsagnir

104 Ekki trúa öllu sem þú lest ... á netinu!

106 Stafsetningarsjónaukinn

108 Kobba og Flúbbi

109 Að leiðarlokum ...

110 Heimildir

111 Myndalisti

5. KAFLI

6. KAFLI

7. KAFLI

Hvað er málið með þessa bók?

Málfróður mælir:



Kæri lestrarlærlingur,

Málfróður heiti ég og ætla að fylgja þér í gegnum þessa bók. Af og til mun mér bregða fyrir þar sem ég kynni fyrir þér málfræði sem og annan orðafróðleik, en ekki hafa áhyggjur, ég er alls ekki leiðinlegur. Þegar ég er ekki að kíkja á hvað þú ert að gera þá er ég líkast til að grúska í bókum, úti að ganga með hundinn minn sem heitir Tungulipur nú eða bara að hlusta á góðan útvarpsþátt. Mikið hvað ég spenntur fyrir þessari samvinnu okkar og ég veit að við verðum góðir vinir.



Þessi tákn áttu eftir að sjá víða um bókina:



Hugstormur – Í hugstormi á að fá eins margar hugmyndir og hægt er á gefnum tíma. Oftast unnið í hóp.



Stækkunarglerið – Hér ályktar þú, rannsakar og grúskar.



Stýrt verkefni – Þegar þetta merki kemur upp mun kennari leggja inn verkefni og aðstoða hópinn við að leysa það skref fyrir skref.



Námsfélagar – Þessi verkefni vinna tveir og tveir saman.



Hópverkefni – Verkefni unnið í hóp.



Ritunarverkefni – Hér er ætlast til að þú leysir verkefnið skriflega.



Framsögn – Verkefni sem eru flutt munnlega, kynningar, leikræn tjáning og virk hlustun.

Fjólubláu orðin:

Í bókinni er víða að finna **fjólublá orð**. Ef þú skilur ekki orðin er tilvalið að spyrja kennarann eða fletta upp í orðabók, hvort sem hún er prentuð eða rafræn. Þessi orð voru sett í bókina sérstaklega fyrir þá sem keppast við að auka orðaforða sinn.



Grínhildur gantast:

Heill og sæll krakkalakki.

Ég hélt að hann Málfróður ætlaði að tala í allan dag, ótrúlegt hvað veður á karlanganum. Mig er óþarft að kynna en ég kynni mig nú samt, Grínhildur heiti ég og ætti þessi bók nú aðallega að fjalla um mig en það fékkst ekki leyfi fyrir því. Aðalmarkmiðið með bókinni er að þú og aðrir jafnaldrar þínir lesi hana og læri, að þið hreinlega sjúgið í ykkur allan þann fróðleik sem hún hefur að geyma og að þið verðið enn betri í íslensku en þið eruð nú þegar. Eru ekki allir örugglega með rör?

Ég veit að það er freistandi að hafa bókina til annarra nota, til dæmis að slá henni í þann bekkjarfélag sem þér er næstur en ég get engan veginn sagt að það sé góð hugmynd. Og jafnvel ef það er að styttest í hádegi þá er heldur ekki sniðugt að smjatta á bókinni. Það er langt síðan Íslendingar átu bækur í hungursneyð. Maturinn sem bíður er örugglega betri á bragðið en pappír, þó svo að textinn kunni að vera gómsætur. En nú skaltu hefja lesturinn, túlílú.



Tungumálið

Í þessum kafla er fjallað um:

- hvernig tungumál varð til.
- tungumál heimsins.
- tungumálið íslensku.
- mikilvægi orðaforða.
- hvers vegna Skúli skelfir er fyrirmynd.

Hvað er tungumál?

Þú notar tungumál á hverjum degi. Sumir telja það sjálfsagðan hlut að tala, lesa og skilja. En í raun er tungumálið alveg hreint einstakt **fyrirbæri**. Það er kerfi merkja, **tákna**, hljóða og orða. Maðurinn er eina dýrategundin sem talar tungumál. Aðrar dýrategundir geta vissulega sent á milli sín hljóðmerki en tungumálið hefur þá sérstöðu að það miðlar hugsunum milli manna, tjáir margs konar tilfinningar og miðlar þekkingu. Tungumálinu eru engin takmörk sett.

Hvernig væri veröldin öðruvísi ef mennirnir hefðu ekki þróað með sér tungumál? Nefnið dæmi.



Fyrstu orðin

Talið er að tungumálið hafi orðið til fyrir um 100 þúsund árum hjá hinum **vitiborna** manni (Homo sapiens). Um það leyti fóru menn að lifa saman í stórum hópum og líklegt er að **sambýlið** hafi kallað á aukin samskipti. Fyrst um sinn hefur tungumálið sennilega ein-kennst af orðum sem líktu eftir hljóðum sem maðurinn heyrði. Nokkur slík orð eru til í íslensku: bíbí, brabra, urra og krúnk. Hljóðunum fjölgaði svo jafnt og þétt og festust við fleiri hluti og fyrirbæri.



Hinn viti borni maður – Homo sapiens

Maðurinn er tegund **prímata** og er eina tegundin í þeim hópi sem gengur uppréttur á tveimur fótum. Maðurinn hefur þróaðan heila sem gerir honum t.d. kleift að nota tungumál og verkfæri í meira mæli en nokkur önnur dýrategund. Hann er einnig eina tegundin sem kann að kveikja eld, matreiða fæðu og nota fatnað.



Tjáið ykkur um hvað þið fenguð í nesti. Ekki má nota orð eða rittákn. Hljóð, bendingar og leikræn tilprif verða að duga.

KOBBA OG FLÚBBI


ÞRÓA TUNGUMÁLID!



Tungumál heimsins

Nú eru rúmlega 6000 ólík tungumál töluð í heiminum. Þeim fækkar þó hratt og sérfræðingar spá því að um 2000 tungumál muni hverfa á næstu áratugum. Tungumál hverfur eða deyr út ef ekki tekst að **viðhalda** því lifandi milli kynslóða.

Tungumál sem tróna á toppi



● Kínverska
 1.375 milljónir
 冰島 (Bīngdǎo)

● Spænska
 466 milljónir
 Islandia

● Arabíska
 352 milljónir
 ادنلسي أ

● Enska
 765 milljónir
 Iceland

● Hindí
 380 milljónir
 آيسلندا

● Rússneska
 272 milljónir
 Исландия

Tungumálið þitt

Það mál sem talað var í kringum þig þegar þú fæddist og þegar þú varst að alast upp telst vera móðurmálið þitt. Þegar þú lærðir að lesa og skrifa bættist **ritmálið** við en það er mikilvægur hluti af tungumálinu.

Þú veist nú þegar heilmikið um tungumálið. Þú ert nokkurs konar **sérfræðingur** í því. Þú hefur lært málfræði, veist hvernig á að stafsetja fjölda orða og geymir gríðarstóra orðaforðakistu í heilabúinu. Þrátt fyrir þessa miklu þekkingu er nauðsynlegt að læra meira um tungumálið.

Sagt er að meðalmaður noti 400–800 orð daglega við hversdagslegar athafnir s.s. spjalla við skólafélaga, tala í símann, að taka bensín og versla í matinn.

En til þess að geta lesið erfiðan texta (frétt, fræðitexta, námsbók) þarf maður að skilja um 4000–5000 orð.

Gera má ráð fyrir að nemandi sem lýkur framhaldsskóla geti notað um 60 þúsund orð og skilji jafnvel 60 þúsund til viðbótar. Það eru ansi mörg orð. Og reiknaðu nú!



Skrifaðu niður 15 fyrstu orðin sem þér detta í hug.

- Bættu nú við 8 orðum sem þér þykja falleg.
- Láttu þér detta í hug þrjú löng orð og skráðu hjá þér.
- Bættu að lokum við tveimur erlendum orðum að eigin vali.
- Notaðu orðin 28 sem þú hefur skráð hjá þér og semdu stutta bullræðu. Öll orðin þurfa að koma fyrir a.m.k. einu sinni. Bættu við orðum í ræðuna eftir þörfum.
- Haltu bullræðu fyrir bekkjarfélag.

- Talaðu hátt og skýrt.
- Stattu jafnt í báða fætur og berðu höfuðið hátt.
- Ekki fela þig bak við blað eða bók.

Talaðu!

Táknmál

Táknmál er tungumál sem myndað er með hreyfingum handa, höfuðs, líkama, með svipbrigðum og augnhreyfingum. Táknmál er móðurmál heyrnalausra, heyrnarskertra og dauðblindra. Það er þó ekki eins alls staðar í heiminum heldur mismunandi eftir löndum og þjóðum líkt og á við um töluð tungumál.



Stafaðu nafnið
þitt á táknmáli.

Skiptist á að velja ykkur orð og stafið
þau á táknmáli fyrir námsfélaga.



Á íslensku má alltaf finna svar ...

HESTUR
HORN
LAND
FVGL
MAÐUR

norroæn
mál

stelpa
strákur

frjáls
ský
Hekla

gelíska

Íslenska er eitt af þeim tungumálum sem fæstir tala í heiminum. Fyrir um 1000 árum hét tungumálið ekki íslenska. Landnámsmenn Íslands töluðu nefnilega tungumál þeirra landa sem þeir höfðu yfirgefið. Flestir komu frá Noregi og töluðu því norrænt tungumál sem í dag er kallað frumnorræna. Á leið sinni til Íslands komu landnámsmennirnir, sem margir voru víkingar, við á nokkrum stöðum, rændu og **rupluðu** og gripu með sér eiginkonur, þræla og **ambáttir**. Þetta fólk kom m.a. frá Írlandi og Skotlandi. Þar var annað tungumál ríkjandi, svokölluð gelíska.

Fyrstu íbúar Íslands fluttu því með sér a.m.k. tvö tungumál sem áttu með tímanum eftir að hafa áhrif hvort á annað og móta nýtt tungumál: íslensku.

Hvaða tungumál hafa haft áhrif á íslensku í gegnum tíðina? Nefndu dæmi um orð sem hafa bæst við íslensku frá öðrum tungumálum.

Íslenskuljóðið

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði og sorg,
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál,
þar vex og grær og dafnar okkar mál.
Að gæta hennar gildir hér og nú,
það gerir enginn – nema ég og þú.

Þórarinn Eldjárn

Heilaleikfimi

- Lærðu a.m.k. fyrsta erindið utanbókar.
- Lestu textann yfir í hljóði minnst þrisvar sinnum.
- Lestu svo upphátt, jafnvel fyrir námsfélaga, til að festa orðin betur í minninu.
- Næst skaltu lesa hverja ljóðlínu og endurtaka svo aftur upphátt án þess að horfa í bókina.
- Þegar þú telur þig hafa lært erindið, farðu þá með það fyrir námsfélaga þinn.
- Getur þú lært seinna erindið líka?

Talaðu!

Hugsaðu um merkingu orðanna sem þú lest.
Hvað ertu í raun að segja?
Að skilja orðin hjálpar þér að muna þau.
Það að skilja textann gerir þig að betri flytjanda.

Góður orðaforði er gulli betri

Grunnurinn að því að vera góður í tungumáli er að safna orðaforða og æfa sig í að nota hann. Þú byrjar að safna í orðaforðakistuna um leið og þú fæðist og allt þitt líf bætast ótalmörg ný orð í hana á hverjum degi. Það er þó algjörlega undir þér komið, lesandi góður, hve mörgum orðum þér tekst að safna á **lífsleiðinni**.

Árið 2013 völdu Íslendingar fegursta orð tungumálsins. Alls bárust tillögur frá 8500 einstaklingum. Orðin í orðakistunni eru þau er fengu flest atkvæði.

kotroskinn jæja harðjaki hugfanginn núna fyrirgefðu
 seigla hljóð hjarta spékoppar einstök ugla
 kraðak sakna sjónauki mamma
 velkominn fiðringur gluggaveður
 agnarögn ratljóst
 bárujárn skúmaskot ljósmóðir
 bergmál hughrif
 einurð sindrandi
 ívat víðsýni





Aukinn orðaforða **öðlast** þú með því að lesa fjölbreytta texta, tala við aðra og hlusta á fólk tala um margs konar málefni. Og með því að spyrja! Það er nefnilega ekki nóg að geta lesið eða heyrt orð – það þarf líka að skilja þau.

Hver ætli séu ljótustu orð íslenskrar tungu?

Orðaforði er sá fjöldi orða sem hver og einn skilur og getur notað við að hlusta, tala, lesa og skrifa. Orðið er samsett úr orðunum **orð** og **forði** en seinna orðið merkir að eiga nóg af einhverju á góðum stað.

Af hverju má ég ekki bara lesa Skúla skelfi aftur og aftur og aftur?

Skúli er mikill meistari. Ókurteis, óþægur, **hrokafullur** þakkari en meistari engu að síður. Skúli veit hvað tungumálið getur skipt miklu máli þegar **framkvæma** á góðan hrekk, segja skoðun sína eða til að græða peninga á tá og fingri. Það er nefnilega svo mikilvægt að orða hlutina á réttan hátt. Til þess þarf að búa yfir ríkum orðaforða.



Skúli skelfir er frægur. Um hann hafa verið skrifaðar meira en 50 bækur sem svo hafa verið þýddar á mörg tungumál til að krakkar um víða veröld geti lesið um hann. Ekki má gleyma teiknimyndunum og kvikmyndinni. Höfundur bókanna um Skúla skelfi er Francesca Simon.

Skúli skelfir er ekki bara hrekkjalómur. Hann er **hugmyndaríkur**, **úrræðagóður** og **uppátækjasamur**. Hann er áhugasamur um alls konar hluti. Hann les draugasögur, býr til hryllingsmyndir, semur bréf og reynir að smíða tímavél til að heimsækja **áhugaverð** tímabil í **mannkynssögunni** svo eitthvað sé nefnt. Hann er líka **fróðleiksfús**. Hann hefur lesið sér til og **sankað** að sér ýmsum upplýsingum um líkamann, risaeðlur og heimsmet. Skúli skelfir veit nefnilega að þekking getur komið sér vel.

Skúli stofnaði eitt sinn þakkarbréfafyrirtæki. Hann seldi þakkarbréf til skólafélaga á 50 kr. stykkið. Persónuleg bréf, skrifuð fyrir hvern og einn. Þegar kom að skrifunum óx honum það í augum. Öll þessi bréf og allar þessar undirskriftir. Sumir vildu fá þakklætisbréf, aðrir vildu kvarta í sínu bréfi. Skúli beitti útsjónarsemi og orðaforða til að leysa málið.

Kæri herra eða frú.
Þetta ætti að eiga við um
alla, hugsaði Skúli, og þá
þarf ég ekki að skrifa nein
nöfn.

Pakka þér/pakka þér ekki/fyrir
a) dásamlega
b) skelfilega
c) ógeðslega

gjöf. Mér fannst hún æðisleg/ömurleg.
Hún var besta gjöf/ versta gjöf sem ég
hef nokkurn tímann fengið. Ég lék mér að
henni/eyðilagði hana/borðaði hana/eyddi
henni/fleygði henni í tunnuna. Næst
skaltu bara senda helling af peningum.
Bestu kveðjur/verstu kveðjur.

En hvernig átti svo
að skrifa undir?
Aha, hugsaði Skúli.

Vinur þinn eða ættingi.

Fullkomið,
hugsaði Skúli
skelfir.

Málfróður mælir:

Að skrifa sendibréf er góð skemmtun. Allt of fáir nýta sér þann gamla og góða sið að skrifa heillandi bréf með snyrtilegri rithönd. Þessi **rafpóstur** nútímans kemur nú seint í stað bréfsefnis. O sei, sei nei.

Skúli karlinn hefur algjörlega gleymt þeim sið að merkja bréfið stað og stund. Fussumsvei.

Hér hefði drengurinn auðvitað átt að setja: *Finnsstöðum, 21. janúar 1915*. Bíðum nú við, hvaða ár er annars núna?

Gott **ávarp** getur gert gæfumuninn. *Kæri vinur, sæl og blessuð vinkona, elsku mamma, háttvirtur forseti.*

Krassandi **kveikja** er ómissandi í góðu sendibréfi. Hér beinir bréfitari orðum að lesandanum sjálfum til að vekja áhuga hans.

Í lok bréfsins er einnig venja að beina orðum til lesandans. Segja nú eitthvað huggulegt eins og: *Hafðu það ætíð sem best. Láttu þér nú batna*. Eða eins og þið unga fólkið segið svo skemmtilega: *Verum í bandi!*

Alls ekki má gleyma kveðjunni. *Bestu kveðjur, kær kveðja* eða *með vinsemd og virðingu* eru ljómandi finar kveðjur. Þó þarf að hafa í huga að velja viðeigandi orð er henta tilefni og viðtakanda. Til dæmis passar alls ekki að kveðja skólastjóran í bréfi með því að senda honum ástarkveðju.



Skrifaðu stutt bréf til Skúla skelfis og segðu honum hvað þér finnst um hann sjálfan og bækurnar hans. Mundu að huga vel að uppsetningu, ávarpi, kveikju, lokaorðum og kveðju.



Og til að svara spurningunni sem kaflinn hófst á: Þú mátt það.
Lestu Skúla skelfi eins oft og þú vilt.

Lestu um hann aftur og aftur ... og aftur. En taktu þér hann
einnig til fyrirmyndar og lestu ýmislegt annað líka.

Lestu bækur um

ofurhetjur, þjóðsögur,
NÁTTURAFRAEÐA,
galdrakrakka,
fótbolta, IKENTÁIRAI
eldgos eða **glæpaömmur.**

Lestu fræðigreinar um
plánetur, apaskott
og **tækniundur.**

Lestu allskonar.
Safnaðu í orðaforðakistuna!
Og góða lestrarskemmtun!

Öllu er nú leyft að standa
í námsbókum nú til dags.
Skúli skelfir orðinn fyrir-
mynd! Ég á bara ekki til
orð. Hvað er næst? Eiga
svo allir að fara að angra
yngri systkini, óhlýðnast
foreldrum og hrekkja
kennara?
Ja, maður spyr sig?



HEIMSBORGARAR

Margrét Pula Xiu



Margrét Þula Xiu

Margrét Þula er tíu ára. Hún býr á Norðurlandi, á Akureyri við Eyjafjörð. Hún á tvö heimili. Annað hjá móður sinni og stjúpfoður og hitt hjá föður sínum. Hún á tvo yngri bræður, Arnar og Helga sem eiga það til að fara verulega í taugarnar á systur sinni. Margrét Þula fæddist í Kína. Hún var eins árs þegar hún kom til Íslands. Xiu er kínverska nafnið hennar. Það þýðir hin dásamlega. Margrét Þula er mikill dýravinur. Hún á tvo ketti heima hjá pabba sínum. Það eru kiskusystkinin Þórólfur og Þórhildur. Hún á auk þess hamsturinn Mariu heima hjá mömmu sinni og stjúpa.

Margrét Þula er í fimmta bekk. Henni þykir skemmtilegast að læra stærðfræði og náttúrufræði. Hún er ánægð með kennarann sinn, hann Martein. Hann er nýútskrifaður úr háskóla, er skemmtilegur og fyndinn en samt svolítið strangur. Í bekknum hennar Margrétar Þulu eru 22 krakkar. Hún á ágæta kunningja í bekknum en besta vinkona hennar, hún Ylja er í öðrum skóla.

Margrét Þula og Ylja kynntust þegar þær voru í leikskóla. Þær æfa saman skíði en skíðamennska er einmitt aðaláhugamál Margrétar Þulu. Hún heillaðist af skíðaíþróttinni strax þriggja ára gömul þegar pabbi hennar fór með hana fyrstu ferðina í Hlíðarfjall.

En Margrét Þula á fleiri áhugamál. Hún veit ekkert skemmtilegra en að búa til skartgrip. Hún notar margs konar efnivið allt frá marglitum plastteygjum yfir í finasta silfur. Silfursmíði er hún að læra í bílskúrnum hjá ömmu sinni, sem er fær silfursmíður. Hugmyndir að skartgripunum koma úr ýmsum áttum en Margrét Þula segist horfa mikið á kennslumyndbönd á netinu um skartgripagerð.

Margrét Þula er ekki búin að ákveða hvað hún tekur sér fyrir í framtíðinni. Hvort hún stefnir á að verða keppniskona á skíðum eða skartgripahönnuður mun bara koma í ljós. Hún segist ómögulega geta ákveðið það núna, það sé svo margt sem hana langar að læra og prófa.

1. persóna: Ég - við
2. persóna: Þú - þið
3. persóna: Hann - hún - það / Þeir - þær - þau

Hver ert þú?

Láttu eins og þú þekkir þig ekki. Skrifaðu nokkrar málsgreinar um sjálfa(n) þig. Hafðu frásögnina í 3. persónu. Segðu t.d. frá fjölskyldunni, hvar þú býrð, áhugamálum, vinum og skóla og hvernig þú verð **frístundum** þínum. Hvernig væri svo að teikna eða taka sjálfsmynd?



Stafsetningarsjónaukinn


Reglur um stóran og lítinn staf

Við skrifum stóran staf:

- **í upphafi málsgreina:** Einu sinni var ...
- **í sérnöfnum:** Markús, Nína, Snati og Dimma
- **í nöfnum á löndum, stöðum og götum:** Ísland, Hekla, Laugarvegur
- **í þjóðaheitum:** Íslendingar, Bretar
- **í nöfnum fyrirtækja, fréttablaða og félaga**
- **þegar við skeytum orði framan við sérnafn:** Langi-Mangi, Tyrkja-Gudda

Við skrifum lítinn staf í heitum:

- **daga:** laugardagur, sunnudagur
- **mánaða:** júlí, september
- **hátíða:** páskar, jól, hvítasunna
- **námsgreina:** íþróttir, samfélagsfræði
- **í tungumálaheitum:** íslenska, enska, danska, þýska
- **í viðurnefnum:** Leifur heppni, Auður djúpúðga



Prjóna-Pála býr við Vitastíg í Reykjavík.

Hún hefur búið hér á Íslandi í 10 ár en er
fædd og uppalin í Þýskalandi.

Hún er þekkt prjónakona og eitt sinn
birtist viðtal við hana í Fréttablaðinu
þar sem hún ræddi prjónaskapinn og
hundana sína, þá Brynju og Brjánsa.

Hún talar bæði íslensku og þýsku en langar
einnig að læra japönsku.

Hún er búin að skrá sig á námskeið
í febrúar, á mánudögum
og miðvikudögum.

Náminu lýkur fyrir páska.

Hátíðir eru skrifaðar með
litlum staf. Sama á við um
námsgreinar. En af hverju eru
orðin Þorláksmessa, Jónsmessa
og Íslandssaga þá skrifuð með
stórum staf?





- læra að glósa.
- æfa þig í að endursegja.
- læra að þekkja aðalatriði frá aukaatriðum.
- verða meistari í að skipuleggja þig.

Glósa, glósa, glósa

Við erum stöðugt að læra nýja hluti hvort sem við lesum einhvern fróðleik, heyrum talað um hann eða sjáum eitthvað nýtt og spennandi í blöðum, sjónvarpi, á netinu eða annars staðar. Sumt leggjum við strax á minnið en annað þurfum við að heyra aftur og aftur eða lesa oft til að **meðtaka**. Það eru til ýmsar aðferðir sem hjálpa okkur að læra, muna og skilja. Ein þeirra er að glósa.

Lykilorð

Til að hjálpa okkur að muna getum við skrifað niður lykilorð. Foreldri biður þig t.d. um að fara út í búð og kaupa hitt og þetta. Flestum þykir gott að punkta hjá sér hvað á að kaupa og hversu mikið. Að taka niður lykilorð er eins og að búa til lista. Síðan er hægt að nota listann og búa til útdrátt eða endursögn um það sem maður glósar. Þetta nýtist vel í öllu námi. Skoðum til dæmis þennan texta:

Ísland er önnur stærsta eyja Evrópu og hafið umhverfis hana heitir Norður-Atlantshaf. Á Íslandi búa um 325.000 manns og höfuðborgin er Reykjavík. Löngum hefur verið talið að árið 874 hafi Ingólfur Arnarson verið fyrstur til að nema hér land og í kjölfarið komu fleiri **landnemar** og tímabil sem nefnt er landnámsöld hófst. Því lauk þegar **Alþingi** var stofnað á Þingvöllum árið 930. Ísland var ekki alltaf **sjálfstætt** land eins og það er í dag. Landið var undir stjórn Norðmanna og síðar Dana allt til ársins 1918 þegar landið fékk **fullveldi**.

Hér væri hægt að byrja að glósa orðin:

- | | |
|----------------------------|------------------------------|
| - Næst stærsta eyja Evrópu | - 874 - Ingólfur Arnarson |
| - Norður-Atlantshaf | - 930 - Alþingi á Þingvöllum |
| - um 350.000 | - undir Norðmönnum og Dönum |
| - Reykjavík | - 1918 - fullveldi |

Lýðveldi var stofnað árið 1944. Þá var landið ekki lengur undir danska konungnum og kosinn var fyrsti forseti Íslands, Sveinn Björnsson. Fullveldisdagur Íslands er 1. desember og kom sú dagsetning til greina þegar velja átti þjóðhátíðardag fyrir Íslendinga. Á endanum varð 17. júní fyrir valinu því sá dagur var fæðingardagur Jóns Sigurðssonar sem var aðal baráttumaður Íslands í sjálfstæðisbaráttunni.



- Lesið seinni hlutann af textanum og finnið orð sem hentugt er að glósa. Geymið listann því þið nýtið hann síðar.

Aðalatriði

Stundum sjáum við ekki **skóginn fyrir trjánum** í merkingunni að við eigum stundum erfitt með að sjá aðalatriðin í löngum texta sem er uppfullur af aukaatriðum. Skoðum til dæmis þetta textabrot:

Pétur hendir sér í skóna án þess að reima og vefur treflinum utan um hálsinn. Hann fer í úlpuna en rennir henni ekki upp. Án þess að blása úr nös hleypur hann yfir skólalóðina og tekur sprettinn heim til sín. Í dag á hann afmæli og hann veit að gjöfin frá foreldrunum bíður eftir honum heima.

Við byrjum á að spyrja okkur: Hvert er aðalatriðið í þessum texta?

Pétur á afmæli og flýtir sér heim til að fá gjöf.

Allt hitt eru aukaatriði.

Ef þú flettir blöðum eða **skoðar fréttamiðla á netinu** þá eru fyirsagnir oft eitt eða nokkur orð sem sýna hvert er aðalatriði textans sem á eftir kemur. Í þessu fréttabroti er það **augljóst** hvert aðalatriðið er og um hvað textinn fyrir neðan mun fjalla:

Innlent | mbl | 8.1.2015 | 13:30

Brúarskóli fékk spjalddölvur að gjöf

Brúarskóli fékk í byrjun ársins tíu nýjar iPad spjalddölvur að gjöf en á yfirstandandi skólaári er unnið að því að nýta hina fjölbreyttu möguleika spjalddölvunnar í vinnu með nemendum og einnig að kenna þeim einfalda forritun. Það var Skeljungur sem gaf skólanum spjalddölvurnar ...



Flettið dagblöðum eða **vafrið** um á fréttamiðlum og finnið a.m.k. þrjár fréttir sem ykkur finnst hafa fyirsagnir sem upplýsa lesandann strax um efni fréttarinnar.



Endursögn

Endursögn er einfaldlega það að endurtaka eitthvað sem við höfum séð, heyrt eða lesið, með eigin orðum.


Þú horfir kannski á góða mynd, lest spennandi bók eða spilar nýjan tölvuleik og þegar þú segir öðrum frá **innihaldi** myndarinnar, bókarinnar eða tölvuleiksins þá ertu í raun að endursegja það sem þú hefur séð, lesið eða spilað.

Á fréttamiðlum á netinu er til dæmis hægt að fylgjast með gangi mála á íþróttaviðburðum. Þetta nýtist þeim sem ekki komast á leikinn en vilja vita hver staðan er, hver skorar, hvort verið sé að dæma villur/gul spjöld/aukakast. Fréttamaður situr í blaðamannastúkunni, horfir á leikinn og endursegir á netinu hvað hann sér, hvað er að gerast.

Endursögn nýtist í daglegu lífi ekki síður en í námi. Með lykilorðunum sem dregin voru úr textanum um Ísland hér á undan er hægt að endursegja innihald textans. Ekki orð fyrir orð, heldur með eigin orðum þannig að aðalatriðin komi fram. Það kallast að gera útdrátt.



Segðu frá kvikmynd, bók, tölvuleik eða íþróttaviðburði sem þú hefur nýlega séð, lesið eða spilað. Þú getur **undirbúið** þig með því að skrifa niður lykilorð til að **styðjast** við.



Skoðið lykilorðin um lýðveldið Ísland sem þið funduð fyrir í kaflanum. Endursegjið textann í fimm til sjö málsgreinum með hjálp lykilorðanna.

Hlustaðu af athygli á bekkjarfélaga þína. Vertu tilbúin/n með a.m.k. eina spurningu eða hrós að flutningi loknum.

Hlustaðu!

Steypireyður er stærsta spendýr jarðar. Tegundin var um tíma í útrýmingarhættu en er nú alfriðuð og talin úr hættu.

Steypireyður

Steypireyður er stærsta dýrið á jörðinni og getur hún orðið um 30 metra löng. **Afkvæmi**


steypireyða kallast kálfar og mælast þeir yfirleitt um 7–8 metra langir þegar þeir eru nýfæddir. Kálfarnir vaxa hratt því þeir þyngjast um 90 kg á dag fyrstu 6–8 mánuði ævi sinnar. Það er ekkert skrítið að þeir þyngist svo hratt því þeir drekka um 300 lítra af mjólk á dag!

Steypireyður lifir í öllum **úthöfum**, þ.m.t. í Norður-Atlantshafi.

Talið er að það séu um 1000 steypireyðar við Ísland á sumrin. Steypireyðar geta orðið 80–90 ára gamlar.

Gaman væri að vita hversu marga úr bekknum þínum þyrfti til að mynda lengdina á einum steypireyðarkálfi. Hvað þá á **fullvaxinni** steypireyði.

- Lestu textann um steypireyði.
- Finndu aðalatriðin og skrifaðu lykilorð.
- Skrifaðu endursögn/útdrátt úr textanum.



Þannig týnist tíminn



Hvernig verjum við tímanum okkar?
Hver finnst þér vera munurinn á því að segja að maður sé að *verja* tímanum í eitthvað eða *eyða* tímanum í eitthvað? Nefndu dæmi um það hvernig þú verð tímanum í eitthvað og í hvað þú eyðir tíma þínum.



Tíminn hefur lengi verið fólki hugleikinn og hafa málshættir eins og *tíminn breytist* og *mennirnir með* og *tíminn lækna* öll sár poppað upp í íslensku.

Reyndu að finna fleiri málshætti eða orðtök þar sem tíminn kemur við sögu.



Margar bækur og kvikmyndir fjalla um tilraunir til að stöðva tímann, fara aftur í tímann, fara fram í tímann og fleiri **kúnstir** til að hafa áhrif á tímann.


Í bókinni *Harry Potter og fanginn frá Azkaban* fékk Hermione hálsmen að gjöf sem var í raun tímabreytir. Á hálsmeninu var stundaglas og með því að snúa því gat hún **endurlifað** sama klukkutímann aftur.

Í teiknimyndinni *Meet the Robinsons* frá 2007 hittir 12 ára drengur strák úr framtíðinni og ferðast þeir saman um tímann í leit að fjölskyldu. Í myndinni

Aftur til framtíðar (Back to the Future) er unglingur óvart sendur aftur í tímann og þar hittir hann foreldra sína sem þá eru bara unglingar.

En **tímaflakk** er ekki ný hugmynd í bókum og kvikmyndum. Árið 1895 kom út bók sem heitir *Tímavélin* eftir breskan höfund, H.G. Wells. Í mjög stuttu máli verður vísindamaður ástfanginn en óhapp verður til þess að hann getur ekki eytt ævinni með ástinni. Þá **hannar** hann tímavél sem hann nýtir til að reyna að breyta fortíðinni. Óhætt er að segja að hann lendi í ýmsum ævintýrum.

1. Hannaðu hlut sem gerir þér kleift að stjórna tímanum á einn eða annan hátt.
2. Hvernig myndir þú nýta hlutinn? Gerðu hugmyndalista.
3. Skrifðu stutt leikrit, smásögu eða teiknimyndasögu þar sem þú ferð aftur í tímann og hittir einhvern ættingja þegar hann er á þínum aldri.



Stöðugleiki minnisins
eftir Salvador Dalí.

Að verja **tímanum** til góðs

Við lifum ekki bara á loftinu einu saman. Við þurfum að huga að góðum svefni, **næringarríkri** fæðu og reglulegri hreyfingu til að verða besta útgáfan af okkur. Bæði í námi og leik.



Næring

Líkaminn þarf orku til að komast í gegnum daginn og til þess að geta vaxið og þroskast. Borðar þú ekki örugglega alltaf morgunmat? Ef þú hugsar um þann mat sem þú borðar, hvað gæti flokkast sem hollur og næringarríkur matur og hvað ætti bara að borða á „sparidögum“?

Hreyfing

Líkaminn þarf líka hreyfingu og ferskt loft. Hverjir koma fótgangandi eða hjólandi í skólann? Hvaða íþróttir er hægt að æfa í **heimabyggð**? Hverjir stunda einhverja hreyfingu utan skólaíþróttar t.d. skipulagða íþróttastarfsemi eða með fjölskyldu og vinum?



Svefn

Á meðan þú sefur hvílist hugur og líkami. Sagt er að **ónæmiskerfið** styrkist í svefni, sem þýðir að maður verður sjaldnar veikur. Vissir þú að frá níu ára aldri og fram yfir unglingsárin er mælt með því að börn sofi í a.m.k. 9 klst. **samfellt** á sólarhring? Ástæðan er aðallega sú að líkaminn er að vaxa og þroskast og þarf þessa hvíld til að sinna því vel. Heilinn er mikilvægasta líffæri námsmannsins og þarf því að huga vel að honum, styrkja hann og næra. Hversu margir í bekknum fara að sofa um klukkan tíu eða fyrr? Hvaða **áhrif** hefur það að sofa of lítið marga daga í röð?



Bókasafnið

Orðið bókasafn segir sig sjálft. Á bókasöfnum finnum við mikið safn bóka. Þar getum við nálgast ólíkar tegundir bóka og mörg söfn eru líka með tímarit, geisladiska og mynddiska til útláns. Í flestum bæjum og hverfum er að finna bókasafn og flestir skólar eru með skólabókasafn.

Á hvaða bókasafn hefur þú farið? Hversu oft í mánuði ferð þú á bókasafn? Hvað gerir þú á bókasafni?

Bókasöfn eru tilvalinn staður til að skoða hvaða skáldsögur eru í boði. Yfirleitt eru barna- og unglingabækur hafðar sér og nýjustu bækurnar jafnvel settar á áberandi stað svo hægt sé að fylgjast með nýútkomnum bókum.



Nefnið nýútkomnar bækur sem þið hafið lesið, langar til að lesa eða munið eftir. Safnið öllum hugmyndum saman í bókalista sem hægt er að hengja upp á vegg í skólastofunni.

Það er líka tilvalið að fara á bókasafn til að leita að upplýsingum og heimildum. Segjum að þú eigir að skrifa ritgerð í skólanum um Þýskaland eða Mozart. Þá getur þú farið á bókasafnið og fengið aðstoð starfsfólks við að finna bækur sem þú getur nýtt sem heimildir í ritgerðinni. Á flestum bókasöfnum er líka vinnuaðstaða, þar sem þú getur setið við borð og unnið verkefnið eða lesið þér til skemmtunar.

Til að auðvelda þér leitina að bókum á safninu hefur starfsfólk flokkað bækurnar eftir tegundum. Skáldsögur eru á einum stað, uppflettirit á öðrum, bækur um ferðalög á þeim þriðja o.s.frv. Innan hvers flokks er bókunum raðað eftir stafrófsröð og þá er það ekki titill bókarinnar sem farið er eftir heldur nafn höfundar. Ef bókin er eftir erlendan höfund þá leitið þið að eftirnafni hans en ef bókin er eftir íslenskan höfund þá leitið þið að **skírnarnafninu**.

Margir höfundar eru með heimasíðu þar sem þú getur flett upp þeim bókum sem þeir hafa skrifað og jafnvel lesið brot úr bókunum til að sjá hvort þær kveiki áhuga þinn. Eins getur þú sent höfundinum tölvupóst ef þú ert með einhverjar spurningar varðandi bækur hans.

Ferð á skólasafnið eða næsta bókasafn. Töltið á safnið. Þið fáið fimm mínútur til að velja ykkur fræðibók sem vekur áhuga ykkar og **grúskið** í henni í fimm mínútur. Kennari tekur tímann og gefur merki þegar tíminn er liðinn. Þá skiptið þið á bók við næsta mann og haldið grúskinu áfram.



Að tölta er skemmtilegt sagnorð. Þegar það er notað um manneskjur þá merkir það að röltu, labba eða trítla. En það er oft notað um hesta enda er tölta ein af fimm gangtegundum íslenska hestsins og ef til vill sú þekktasta því fáir aðrir hestar í heiminum tölta.

Á NÆSTU TVEIMUR OPNUM SJÁUM VIÐ BROT ÚR SITTHVORRI SÖGU EN UM SAMANEFNIÐ.

Draugar

Reynistaðabræður

1780 Jón Árnason og Magnús Grímsson byrjuðu að safna íslenskum þjóðsögum og munnmælasögum árið 1848. Þeir söfnuðu sögum um álfa, sæbúa, drauga og galdramenn svo fátt eitt sé nefnt. Sagan um Reynistaðabræður er ein af þeim þjóðsögum sem þeir söfnuðu og er að finna í safni þjóðsagna Jóns Árnasonar. Hér er smá brot úr sögunni sem gerist árið 1780.

Sagan **hefst** á því að 11 ára drengur er sendur **nauðviljugur**, ásamt öðrum, í för á eftir bróður sínum:

*„...um haustið lögðu þeir félagar fjórir með **féð** upp á fjöllin og ætluðu norður Kjalveg þrátt fyrir **aðvaranir** vina þeirra og kunningja því svo þótti sem **feigð** kallaði að þeim. Var þeim þá fenginn leiðsögumaður er Jón hét. En allt um það komu þeir hvergi fram og **urðu allir úti** með fénu og öðrum fjármunum er þeir höfðu með sér.“*

Þeir sem vilja lesa áfram söguna geta fundið hana á bókasafni og þeir munu komast að því að lík allra í ferðinni fundust nema þeirra bræðra. Hvað ætli hafi orðið um þá?

Trúir þú á drauga?

Skoðaðu fjólubláu orðin.
Hvað þýða þessi orð?
Notar þú þau í daglegu tali?

Draugaslóð

2007 Kristín Helga Gunnarsdóttir hefur skrifað margar barnabækur, t.d. bækurnar um Móa hrekkjusvín og Fíusól. Hún skrifaði bókina *Draugaslóð* sem fjallar um strákinn Eyvind sem býr ásamt ömmu sinni og tveimur köttum í gömlum bústað við Elliðavatn. Hann dreymir alltaf sama drauminn aftur og aftur og áður en hann veit af er hann kominn upp á öræfi þar sem hann fetar draugaslóð á **vettvangi** Fjalla Eyvindar, Reynistaðabræðra og margra annarra.



Þar sem hér er gripið niður í bókina er maður sem heitir Nökkvi að ljúka við að segja Eyvindi sögu Reynistaðabræðra:

„Hér eru skuggar liðinna garpa. Finnst þér til dæmis ekki undarlega margt skylt með hvarfi McReynoldsbræðra og Reynistaðarbræðra? Nökkvi settist á móti Eyvindi.

Kannski, sagði Eyvindur vantrúaður. En ekkert óeðlilega.

Jæja, bara nafnið finnst mér nokkuð hljómsvipað, sagði Nökkvi næstum reiðilega. Svo ekki sé minnst á aldur drengjanna. Og í báðum tilfellum voru bræður sendir til nokkurs konar manndómsvígslu af feðrum sínum. Og hvað með litlu drengina, Edgar og Einar? Ellefu ára báðir tveir. Hvorugur vildi fara í þennan leiðangur. Og báðir gáfu leikfélögum gullin sín, sannfærðir um að þeir myndu ekki snúa aftur.“

Hvaða draugasögur þekkir þú?

Draugaslóð var tilnefnd til Norrænu barna- og unglingaverðlauna Vestnorræna ráðsins.

Vinátta

Benjamín dúfa

1992 Benjamín dúfa segir frá viðburðaríku sumri í lífi drengjanna Benjamíns, Andrésar, Baldurs og Rólands. Vinirnir stofna riddarareglu Rauða dregans og ætla sér að berjast með réttlæti gegn ranglæti. Þeir lenda í ótal ævintýrum en þegar brestir koma í vináttuna tekur atburðarásin óvænta stefnu. Höfundur sögunnar er Friðrik Erlingsson. Hann hefur einnig skrifað kvikmyndahandrit að teiknimyndunum *Litla lírfan ljóta* og *Þór*.



Fyrir *Benjamín dúfa* fékk Friðrik Íslensku barnabókaverðlaunin árið 1992 og var tilnefndur til Norrænu barnabókaverðlaunanna. Bókin hefur síðan verið þýdd á fjölmörg önnur tungumál. Árið 1995 var gerð kvikmynd eftir bókinni.

„Bílskúrnum heima hjá Róland hafði verið breytt í vopnasmiðju. Botninn var skorinn úr málningarfötum úr járn, þær klipptar til, barðar saman og lóðaðar, slípaðar og þússaðar og þá var kominn hjálmur sem síðan var fóðraður að innan. Skildir voru gerðir úr krossviði. Fyrst var formið teiknað á viðinn, síðan var hann sagaður út og svo tekinn í sundur í miðjunni. Skildirnir áttu nefnilega ekki að vera flatir heldur íhvolfir. Þá var tekinn listi sem búið var að hefla aðeins til, skjaldarhelmingarnir festir við hann með lími og síðast var allt neglt rammlega. Skorin sem myndaðist framan á skildinum var fyllt með trésparsli, slípuð vandlega og síðast var skjöldurinn lakkaður. Sverðasmiðin var öllu meiri nákvæmnisvinna. Fyrst þurfti að hefla blaðið og það var mikið vandaverk. Hjöltun voru gerð sérstaklega og hver og einn hafði mismunandi gerð af hjöltum. Andrés vildi sverð eins og Prins Valiant. Baldi vildi hafa íbjúgt sverð, ég hafði mitt beint en blaðið var breiðast fremst.“

Hér er hugmynd:

Lestu bókina, *Benjamín dúfa* og horfðu svo á kvikmyndina sem gerð var eftir bókinni. Þú átt ekki eftir að sjá eftir því!

Hvaða fleiri bókum eða kvikmyndum manst þú eftir sem fjalla um vináttu?

Loforðið

2007 Þessi áhrifaríka saga eftir Hrund Þórsdóttur, segir frá vináttu Ástu og Eyvarar. Þær eru **óaðskiljanlegar**, bestu vinkonur. En allt breytist þegar Eyvör deyr. Sagan segir frá því hvernig Ásta glímir við missinn og allar þær tilfinningar sem bærast með ellefu ára stelpu sem verður fyrir því að missa bestu vinkonu sína. Mikilvægt loforð sem Ásta sver að standa við og undarlegur lykill koma einnig við sögu.



Loforðið hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2007.


„Hún fann beittan stein og byrjaði að skera límbandið utan af pakknum, ofurvarlega til að skemma ekki innihaldið. Það tók góða stund að ná því öllu utan af. Hún vafði plastpokunum utan af hlutnum einum í einu og fann fljótt hvað var inni í pakknum. Hún var alla vega næstum því viss um það. Það var bók.

Á meðan hún tók plastið utan af þutu milljón hugsanir í gegnum höfuðið á henni. Hvaða bók gæti þetta verið og af hverju hafði Eyvöru fundist svona mikilvægt að hún fengi hana? Og af hverju hafði hún þá ekki bara látið Eirík og Guðlaugu afhenda henni pakkann? Lykillinn var líka ennþá ráðgáta og hvernig hafði Eyvör komið pakknum á leynistaðinn? Hún hafði ekki komið þangað sjálf svo lengi og úr því að pakkinn var svona mikið leyndarmál hafði hún varla látið einhverja vinkonu þeirra fara með hann, og það á leynistaðinn. Ásta trúði varla að pakkinn hefði verið þarna alveg síðan um vorið en náði ekki að svara eigin spurningum áður en verkinu var lokið.

Hún varð bæði hissa og ofsakát þegar hún sá hvað var inni í pakknum. Það var dagbók. Falleg græn dagbók bundin inn í mjúkt efni og með lás á hliðinni. Loksins skildi Ásta til hvers lykillinn var.“

Oft er talað um sanna og trausta vináttu. Hvernig eru traustir vinir?

Nefnið tvær eða fleiri bækur sem sem fjalla um sama efnið.



Að vita meira og meira, meira í dag en í gær

Í þessum kafla munt þú læra:

- lestrartækni
- að nota hugarkort
- að undirbúa ritun fræðitexta

Fróðleikur um fræðitexta

Í fræðitexta getur leynst fróðleikur um allt milli himins og jarðar. Sumir tengja slíkan texta við tækni og vísindi en í raun getur fræðitextinn átt við hvað sem er s.s. hluti, dýr, fólk, staði og tímabil.



Hér sérðu **hugarkort**. Að gera hugarkort er **náms-tækni**. Hugarkort eru gerð til að skilja og muna flókin hugtök. Hugarkort nýtast mjög vel þegar verið er að safna upplýsingum um ákveðið efni, þegar safna á saman hugmyndum eða þegar **leita þarf lausna**.

Lestrartækni

Forlestur – lestur – eftirlestur

Við fyrstu sýn getur fræðitexti virkað ákaflega langur og verið uppfullur af orðum sem erfitt er skilja. Upplýsingarnar streyma til manns og flókið getur reynst að muna allt sem maður les. En ef maður kann réttu tökin verður lesturinn leikur einn.

Forlestur: Áður en þú lest textann.

1

Skoðaðu vel fyrirsögn textans, millifyrirsagnir, myndir og myndatexta.

Spyrðu sjálfan þig eftirfarandi spurninga:

Um hvað er þessi texti?

Hvað veit ég um efnið nú þegar?

Hvað væri gott að vita meira um efnið?

Eru einhver orð sem ég ekki skil og þarf nánari útskýringu á?

Myndatexti

Stuttur texti sem yfirleitt er að finna fyrir neðan eða til hliðar við myndir. Oft ská- eða feitletraður.

Lestur: Á meðan þú lest yfir textann.

2

Lestu textann vel og vandlega.

Fylgstu með heilanum og passaðu að hann missi ekki athyglina.

Stoppaðu eftir hverja efnisgrein og hugsaðu um hvort þú hafir skilið það sem þú varst að lesa.

Flettu upp orðum í orðabók/tölvuorðabók sem þú ekki skilur.

Lykilorð

Orð úr textanum sem skipta miklu máli. Nokkurs konar aðalatriði sem mikilvægt er að muna. Lykilorð geta verið nöfn, heiti, ártöl, atburðir eða hugtök.

Eftirlestur: Til umhugsunar eftir lestur.

3

Ræddu efni textans við námsfélaga ef mögulegt er.

Endursegðu í stuttu máli efni textans.

Skrifaðu niður lykilorð úr textanum.

Gerðu hugarkort.

Endursögn

Að endursegja er að segja frá einhverju, með eigin orðum, sem maður hefur lesið eða heyrt.

Skref fyrir skref

Heimaprentun úr plasti

Margir þrívíddarprentarar hafa lækkað mjög í verði á undanförunum árum og má nú fara að prenta litla plasthluti heima við.

Þeir prentarar sem nú eru á viðráðanlegu verði fyrir almenning, ráða yfirleitt aðeins við plast og aðferðin er fremur einföld módelækni.

Segja má að þetta séu nokkuð háþróaðar límbyssur. Í stað þess að bræða duft, eru hlutirnir prentaðir úr fljótandi efni. En leysiprentarar eru þó einnig á leið til almennra neytenda innan skamms. Sameiginlegt öllum þrívíddarprenturum er að þeir prenta á grundvelli þrívíddarskráa sem

verða til í tölvu, annaðhvort með teiknun eða þrívíddarskönnun. Vegna þess hve hratt verðið lækkar, telja vísindamenn þess ekki langt að bíða að þrívíddarprentarar verði algengir á heimilum.

Með þrívíddarprentara geta börnin t.d. smíðað sín eigin leikföng.



Forlestur

- a. Skoðið fyrirsögnina og undirfyrirsögnina á greininni.
Hvað heldur þú að greinin fjalli um?
- b. Skoðið myndina. Hvað segir hún um efnið?
- c. Hvað vitið þið nú þegar um þetta efni?
- d. Hvað viljið þið vita meira um þrívíddarprentara?
- e. Rákust þið á orð sem þið ekki skiljið?

Lesið textann upphátt

- a. Stoppið eftir hverja efnisgrein og rifjið upp það sem lesið var.
- b. Stoppið við orð sem þið ekki skiljið og finnið merkingu þeirra.

Eftirlestur

- a. Ræðið saman um efni textans. Passar efnið við þær hugmyndir sem fram komu í forlestrinum?
- b. Hvað vitið þið núna um þrívíddarprentara?
- c. Finnið lykilorð í textanum.
- d. Gerið einfalt hugarkort af þrívíddarprentara

Hvað er:

Hvernig virkar:

Hvaða möguleikar:

Hvað er framundan:

Það er leikur að | e s a

Reikistjarnan sem tapaði titlinum

Í 76 ár var Plútó talin ein af reikistjörnum **sólkerfisins**. Árið 1930 tilkynntu stjörnufræðingar um uppgötvun níundu reikistjörnu sólkerfisins, Plútó. Nafnið hlaut reikistjarnan eftir að 11 ára skólastúlka frá Oxford, Venetia Burney, stakk upp á því. Hugmyndina bar hún undir afa sinn sem kom henni á **framfæri** við störfufræðinga. Venetia var þó ekki að hugsa um hundinn hans Mikka þegar henni datt nafnið í hug heldur rómverska undirheimaguðinn Plútó. Disney hundurinn Plútó gæti hins vegar hafa verið nefndur eftir reikistjörnunni enda var hún mikið í fréttum á sama tíma og Plútó kom fram í sinni fyrstu teiknimynd.



Stúlkan sem fékk að nefna plánetu.

Árið 2006 ákváðu stjörnufræðingar að Plútó **uppfyllti** ekki öll þau **skilyrði** sem þarf til að teljast reikistjarna. Plútó missti því titilinn en er nú í flokki dvergreikistjarna ásamt tveimur öðrum hnöttum, Eris og Ceres. Þó má búast við að fleiri hnettir bætist í þennan hóp á næstu árum.

Með stórum stjörnusjónauka er hægt að koma auga á Plútó á næturhimninum. Það er hins vegar nokkuð **vandasamt** verk. Best er að verða sér úti um stjörnukort sem sýna nákvæma staðsetningu dvergreikistjörunnar. Síðan þarf að sýna mikla þolinmæði og fylgjast með sama staðnum á himninum í nokkra daga til þess að koma auga á Plútó.



Undirheimaguð Rómverja.



1. Veldu þá grein sem vekur áhuga þinn. Lestu hana vel og vandlega og skoðaðu myndirnar. Finndu æfinguna Letidýr eða plánetur í vinnubókinni og leystu verkefnið. Notaðu efnisyfirlit vinnubókarinnar til að vera fljótari að finna blaðsíðuna.

Latasta lífvera í heimi?

Letidýr eru spendýr sem er aðeins að finna í Suður og Mið-Ameríku. Þau eru **sérkennileg** útlits og smá vexti. Til eru tvær tegundir letidýra. Annars vegar dýr sem eru með tvær tær á hverjum útlimi og hins vegar dýr með þrjár tær. Letidýr með tvær tær eru minni, yfirleitt um 4–5 kg en dýr sem hafa þrjár tær geta orðið allt að 8 kg.

Letidýrin hafa langar klær, með þeim lengstu sem sjást í dýraríkinu. Þau nærast nær **eingöngu** á laufi og búa í trjám. Þar hanga þau allan daginn, borða og sofa. Langar klærnar auðvelda þeim að hanga á trjágreinunum.

Letidýr hreyfa sig mjög hægt og bara þegar þau neyðast til þess. Þeim þykir líka gott að sofa og geta eytt í það allt að 18 **klst.** á sólahring.

Letidýr hafa lengi byggt Jörðina en flestar tegundir þeirra eru nú útdauðar. Þær voru miklu stærri, sumar á stærð við fíl. Talið er að risaletidýrin hafi horfið af **sjónarsviðinu** þegar síðasta **ísaldarskeiði** lauk, fyrir um tíu þúsund árum.



Letidýr eru lengi að melta fæðu.

2. Veldu fimm orð úr textanum sem þú skilur ekki. Reyndu að giska á hvað orðin merkja. Til þess þarftu ef til vill að lesa textann í kringum orðið vel og vandlega. Að lokum skaltu skoða orðið í tölvuorðabók og sjá hvort þú hafðir rétt fyrir þér. Finndu fimm lykilorð og skrifaðu þau í skýin.
3. Settu þig í spor kennarans og búðu til fimm spurningar úr textanum sem þú valdir. Semdu – tvær krossspurningar.
 - eina spurningu sem hægt er að svara með Já/Nei eða Rétt/Rangt.
 - tvær opnar spurningar þar sem skrifa þarf svarið.

Allir eru fróðir um eitthvað



Heil og sæl

Til er góður málsháttur sem segir:
Sá sem aldrei er forvitinn verður aldrei fróður. Enginn þarf þó **að örvænta** því allir eru jú einhvern tíma forvitnir ... um eitthvað. Þá er gott að geta leitað í góða fræðitexta og fengið upplýsingar um allt milli himins og jarðar. Og **sankað** að sér þekkingu í leiðinni.

Fræðilegur texti gefur lesanda upplýsingar um ákveðið efni. Efnið getur verið hvað sem er. Í textanum eru settar fram **staðreyndir** um efnið.

Fræðitextar geta stundum verið **strembnir**. Það er vegna þess að oft eru notuð fræðiorð og **fagleg** orð sem þú ert kannski að heyra í fyrsta skipti. Stundum eru orðin útskýrð í textanum en þú, lesandi góður, þarft líka stundum að finna sjálfur merkinguna. En ekki láta það stoppa þig. Öll ný orð eru **auðæfi** fyrir orðaforðann.

Staðreynd er eitthvað sem er örugglega rétt.

Fræðitexti getur til dæmis fjallað um:

Præla í Rómaveldi

Reikistjörnuna Neptúnus

Egil Skallagrímsson

Þingvelli

Egg

Morse stafrófið

Íslenska hestinn

Sprengju-Kötu

Fjarstýringu

Ef þið mættuð velja ykkur efni til að lesa um í fræðigreini, hvað yrði fyrir valinu?

Heimildir:

Hvaðan fékkst þú þessar upplýsingar? Sá eða sú sem skrifar fræðitexta leitar oft upplýsinga í bókum, tímaritum, á netinu eða með því að taka viðtöl við sérfræðinga. Það er ákaflega mikilvægt að taka fram hvaðan upplýsingarnar eru komnar.

Spreyttu þig!



Nú er komið að ykkur að undirbúa ritun fræðitexta. Veljið viðfangsefni sem er ykkur **hugleikið**. Eitthvað sem þið vitið mikið um, hafið áhuga á eða viljið vita meira um.

- Veljið efni til að skrifa um.
- Safnið upplýsingum af netinu, úr bókum eða tímaritum.
- Gerið hugarkort um viðfangsefnið.
- Skráið niður hvar þið finnið upplýsingar (heimildir).
- Finnið myndir af viðfangsefninu á netinu.
- Kynnið viðfangsefnið fyrir bekkjarfélögum, nýtið til þess hugarkortið og myndirnar sem þið funduð.

Nú er undirbúningi lokið. Næsta skref væri að skrifa greinina. Hver væri góður titill á ykkar grein?

Hlustaðu!

Hlustaðu á kynningu bekkjarsystkina þinna. Punktaðu hjá þér a.m.k. eina spurningu sem kviknar við hlustunina.

Brynja og Bragi eru flottar fyrirmyndir



Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason eru sérlegir áhugamenn um íslensku. Þeim þykir vænt um tungumálið og vilja allt fyrir það gera. Þau hafa sannarlega sýnt landsmönnum fram á með þáttunum *Orðbragð* að okkar ástkæra og **ylhýra** tungumál er bæði **skringilegt** og skemmtilegt. Í þáttunum velta þau málinu fyrir sér á alla kanta, í þeim má til dæmis sjá dæmi um hvernig íslenskan hefur hljómað á landnámsöld, hvernig hún hljómar þegar maður les og jafnvel syngur öll orð aftur á bak, hvaða orð eru **útfjöskuð** og **ofnotuð**, hikorð, **mállýskur**, slangur og fleira.

Þættirnir hlutu mikið lof og fengu unga sem aldna til að velta fyrir sér íslenskunni og í framhaldinu kom út samnefnd bók.

Hér er örstutt **sýnishorn** úr bókinni

SKLABB , SKVAMP, KLASK OG SMAKK!

SKRÍPÓHLJÓÐ

Í myndasögum þurfa menn gjarnan að skrifa út ákveðin hljóð, því að þau – eðlilega – heyrast ekki á prenti.

Það þarf hljóð þegar einhver dettur á rassinn. Það þarf hljóð þegar bíll nauðhemlar. Það þarf hljóð þegar einhver smellir fingrum. Það þarf hljóð þegar einhver stingur sér til sunds.

Það er ekki alltaf vandalaust að skrifa þessi hljóð. Þau finnast sjaldnast í orðabókum og þau eru margvísleg. Það heyrast ekki endilega sama hljóðið þegar einhverjum er klappað á kinnina og öðrum gefinn einn á lúðurinn.

Þetta er leyst með ýmsum hætti. Þegar einhver kastar sér til sunds heyrast oftast SKVAMP eða PLASK. Ef viðkomandi er mjög stór um sig heyrast hins vegar PLOFF. Sprengingar eru oftast nær táknaðar með orðinu BÚMM. En stundum, ef sprengingin er mjög kraftmikil, heyrast KRAMMM! Kjaftshögg eru KLASK, stundum PAF, jafnvel BIFF og stöku sinnum KLÚNK. Þegar menn þefa af einhverju er skrifað HNUSS! HNUSS! en líka SNIFF SNÖFF. Ef menn hins vegar sjúga upp í nefið er það SNÖKT eða jafnvel SNIFF.

Flettu mynda-
sögu og skoðaðu
skrípóhljóðin.
Finndu skrípóhljóð
sem hægt væri
að túlka: grátur –
árekstur – smjatt.

KLASK

KRAMMM

PAF

BÚMM

SNÖKT

KLÚNK

BIFF

SNIFF SNÖFF

HNUSS! HNUSS!

Ísland, gamla Ísland Ísland, gamla Ísland



Til gamans má geta þess að á framhlið Alþingishússins á Austurvelli trónir kóróna og merki Kristjáns IX., sem var síðasti danski konungur okkar Íslendinga. Ef þið skoðið húsið nánar sjáið þið landvættina fjóra yfir gluggum á annarri hæð.

Þetta er skjaldarmerki Íslands. Tilgangur þess er að vera nokkurs konar tákn fyrir Ísland. Skjaldarmerki hafa verið til frá riddaratímanum en þá voru þau nauðsynleg til að þekkja vini frá óvinum. Þeir sem báru eins skjaldarmerki á sínum herklæðum voru í sama liði.

Ísland hefur átt nokkur skjaldarmerki. Einu sinni var t.d. merkið okkar mynd af **fálka** á bláum skildi og lengi vel var það útflattur saltfiskur á rauðum fleti.

Skjaldarmerki okkar í dag var samþykkt árið 1944 þegar Ísland varð lýðveldi. Áður áttu Íslendingar svipað skjaldarmerki, nema það var kóróna ofan á fánanum til marks um að Ísland var undir veldi Dana.

Á skjaldarmerkinu sérðu íslenska fánann og fjóra landvætti standa umhverfis hann. Undirlagið er **stuðlabergshella**.

En hvað eru landvættir?

Landvættirnir eru verur sem vernda Ísland. Hver landsfjórðungur á sinn landvætt.

Í *Heimskringlu* Snorra Sturlusonar er sagt frá því þegar Haraldur Danakonungur sendi mann til Íslands til að kanna aðstæður. Sá maður gat **skipt um ham** og fór til Íslands í hvalslíki, synti í kringum landið og rakst á margar furðuverur á ferð sinni.

Við Vopnafjörð sá hann stóran dreka, með orma, pöddur og eðlur í kringum sig. Landvættur Austfjarða er því dreki.

Þá synti hann norður og þegar hann kom inn í Eyjafjörð tók á móti honum gríðarlega stór fugl, svo stór að vængir hans náðu á milli fjalla. Með honum voru fleiri fuglar í för, bæði stórir og litlir. Landvættur Norðurlands er því fugl.

Áfram synti maðurinn í hvalslíki og í Breiðafirði sá hann stóran og mikinn griðung, sem er annað nafn á nauti. Griðungurinn öskraði á hann. Landvættur Vesturlands er því griðungur.

Þegar maðurinn synti suður um Reykjanes kom á móti honum bergrisi sem var svo stór að hann bar höfuðið hærra en öll fjöllin. Með honum voru margir **jötnar**. Landvættur Suðurlands er því bergrisi.

Þar sem landvættirnir stóðu vörð um landið komst maðurinn hvergi í land og varð því að synda aftur til konungs í Danmörku og **hafði ekki erindi sem erfiði**.

Vissir þú að allar íslensku myntirnar eru með mynd af landvætti eða landvættum? Á krónumyntinni er mynd af bergrisanum en 5 kr., 10 kr., 50 kr. og 100 kr. myntirnar eru með öllum fjórum landvættunum.



Hver er landvættur í þínum landsfjórðungi?
Hvernig er byggðarmerki þíns sveitarfélags?
Hannaðu nýtt byggðarmerki fyrir þitt sveitarfélag
þar sem landvættur þíns landsfjórðungs er í forgrunni.





Lestur er lostæti

Í þessum kafla munt þú læra:

- að lestur er undirstaða alls náms.
- um persónusköpun og sögusvið.
- um ýmsar kynjaverur í skáldsögum.
- hvernig sögur eru uppbyggðar.
- hvernig hægt er að útbúa bókakynningu.

Margar **kynjaverur** er að finna í skáldsögum og ævintýrum. Til dæmis eru tröll, álfar og skessur í mörgum íslenskum ævintýrum svo ekki sé minnst á hafmeyjur, **marbendla** og **nykra** sem eiga það öll sameiginlegt að líða vel í vatni. Í erlendum sögum er oft að finna dreka, kentára, vampírur og varúlfa. Í mörgum sögum kynnist aðalpersónan einhverri kynjaveru og tekst jafnvel með þeim vinátta. En hvað ber höfundi að hafa í huga þegar hann skapar aðal- og aukapersónur? Það verður skoðað í kaflanum.

Eins verður sagan að gerast einhvers staðar. Það getur skipt miklu máli upp á **andrúmsloftið** eða **stemminguna** í sögunni í hvaða umhverfi hún gerist.

Flestar sögur hafa líka ákveðna uppbyggingu:

- upphaf
- atburðarás
- endir



Lestur er undirstaða alls náms

Hefur þú heyrt talað um að lestur sé **undirstaða** alls náms? Þá er ekki bara átt við lestur skólabóka, heldur allan lestur sem mun afla þér aukinnar þekkingar, hvort sem það er lestur texta, mynda eða tákna.

Flestir hafa vonandi lesið skáldsögu sem var svo spennandi eða fyndin að það var erfitt að leggja hana frá sér og sumir kannast kannski við það að halda áfram að lesa undir sænginni með vasaljós eftir að foreldri hefur sagt manni að fara að sofa.



En sögur eru ekki bara í bókum, þær eru allt í kringum okkur. Við heyrum fólk segja sögur, bæði **sannar** og **skáldaðar**. Við lesum sögur í myndasögublöðum og þegar við spilum tölvuleiki erum við oft að taka þátt í sögu. Í kvikmyndum er líka verið að segja okkur sögu. Meira að segja þegar við hlustum á lög þá eru fjölmargir söngtextar að segja okkur sögur. Til dæmis þessi texti eftir þá Valgeir Guðjónsson og Egil Ólafsson.

Bíólagið

Svarti Pétur ruddist inn í bankann,
með byssuhólk í hvorri hönd.
Heimtaði með þjósti peningana
og bankastjórann hnepti í bönd

Upp með hendur, niður með brækur,
peningana, ellegar ég slæ þig í rot.
Haltu kjafti, snúðu skafti,
aurinn eins og skot.

Svarti Pétur bröltaði uppá jálkinn
og þeysti burt með digran sjóð.
Þeir eltu hann á átta hófa hreinum,
auk Nonna sem rakti slóð.

Upp með hendur, niður með brækur ...

Hesma, þúsma, mesma, vosma, kasma, isma,
hesma, þúsma, mesma, hosma? Já!
Hesma, þúsma, mesma, vosma, kasma, isma,
hesma, þúsma, mesma, hosma? Já!

Þeir náðu honum nálægt Húsafelli,
og hengdu hann upp í næsta tré
Réttlætið það sigraði að lokum,
og bankinn endurheimti féð.

Upp með hendur, niður með brækur ...



Veistu hvað hesma, þúsma,
mesma, vosma, kasma, isma
þýðir? Þetta var vinsælt leynimál
fyrir allmörgum árum og kallaðist
það sma-mál og tók fólk yfirleitt
fyrstu tvo stafi orðsins og bætti
-sma fyrir aftan þá stafi.
Þessi setning þýðir: Heldur þú
með vonda karlinum?
Hvað heldur þú þá að hosma þýði?
Búðu til -sma málsgrein.

Um hvað fjallar söngtextinn
Bíólagið?
Hvenær sást þú kvikmynd, heyrðir
eða last síðast sögu?
Hvaða lagatexti kemur upp í hugann
sem segir sögu?



Persóna verður til

Eitt af því fyrsta sem höfundur þarf að ákveða þegar hann skrifar sögu er um hvern hún á að vera. Yfirleitt er ein aðalpersóna og svo nokkrar aukapersónur. Aðalpersónan getur verið mennsk, dýr eða fígúra sprottin upp úr hugarheimi höfundarins.

Höfundurinn veit allt um sínar persónur, hvernig þær haga sér, hvernig þær líta út, hvað þeim finnst gott eða vont, hvort þær tannbursti sig, hvað þær óttast, hvað þær dreymir, hvenær þær fara að sofa, hvernig lykt er af þeim o.s.frv. Þeir hafa skapað sögupersónuna, gefið henni líf, skapgerð, útlit og áhugamál. Þetta kallast persónusköpun. Persónurnar eru nánast eins og vinir höfunda en þeir segja okkur sem lesendum ekkert endilega frá öllu sem þeir vita um þær.



Höfundar eru mjög hugmyndaríkir en þeir eru líka **úrræðagóðir** og leita í gamlar sögur til að fá hugmyndir að persónum. Margir erlendir höfundar hafa leitað í gríska goðafræði og fundið þar áhugaverðar kynjaverur til að nota í sínum verkum. Kentár er dæmi um kynjaveru sem kom fyrst fram í grískri goðafræði en er að finna í mörgum barna- og unglingabókum í dag. Til dæmis í *Harry Potter*, Óvættaförl nr. 4 – Kentárin Tagus, *Sögunni endalaus*, *Narníu* og *Percy Jackson*.

Hvaða persónur dettur ykkur í hug sem eru ekki manneskjur sem þið hafið lesið um, séð eða heyrt um?



Í grískri goðafræði segir að kentárar eða mannfákar hafi verið skepnur sem voru vaxnar eins og menn niður að nafla en hestar að öðru leyti. Þeir voru **ofbeldishneigðir** og erfitt að temja þá. Sá kentár sem kemur hvað mest fyrir í grískri goðafræði hét Keiron. Hann var góður kennari og kenndi mörgum prinsum og kannski þess vegna eru kentárar yfirleitt vittrar skepnur í nútímabókum.



Í bókinni *Sagan endalausa* er kentár sem heitir Cæron og það leynir sér ekki að höfundur bókarinnar er að líkja nafni persónu sinnar við Keiron úr grísku goðafræðinni.

Skyndilega sló þögn á salinn. Öllum varð litið til stóru vængjahurðarinnar sem nú opnaðist og hinn frægi meistari læknislistarinnar, Cæron, gekk í salinn.

Hann var af ættbálki þeim er í fyrndinni nefndust kentárar. Niður að mitti var sköpunarlag hans eins og manns en það sem eftir var hafði sköpunarlag hests. Hann var langt að kominn, frá landi sem lá lengst í suðri og var svokallaður blökkukentár, sá hluti líkama hans sem hafði mannssköpulag var svartur sem íbenholt að undanskildu hárinu og skegginu sem var snjóhvítt og hrokkið, hesthlutinn var hins vegar röndóttur eins og á sebradýri.

Í grískri goðafræði eru fleiri kynjaverur sem eru blanda af dýrum og mönnum.

Echidna – er nefnd móðir allra skrímsla, hún er snákur upp að nafla en kona frá nafla og upp.

Fánn – er blanda af geit og manni.

Medúsa – er kona sem er með snáka í stað hárs.

Farið á netið og leitið upplýsinga um þessar goðsagnaverur



Í fyrstu bókinni um Harry Potter, sem heitir *Harry Potter og viskusteinninn*, nýtir höfundur sér líka kentár sem aukapersónu og nær að koma því á framfæri að kentárar eru vitrar skepnur.



Út úr rjóðrinu steig – var þetta maður eða hestur? Ofan mittis var þetta maður með rautt hár og skegg en fyrir neðan mitti var rauðbrúnn hestbúkur með langt, rauðleitt tagl, Harry og Hermione göptu.

„Nú, þetta ert þú, Ronan,“ sagði Hagrid feginn. „Hvernig hefurðu það?“

Hann gekk til hans og tók í höndina á honum.

„Góða kvöldið, Hagrid,“ sagði Ronan. Rödd hans var djúp og dapurleg. „Ætlaðirðu að skjóta mig?“

„Það er aldrei of varlega farið, Ronan,“ sagði Hagdrid og klappaði á **lásbogann**. „Það er eitthvað óhreint á **kreiki** hérna í skóginum. Þetta eru Harry Potter og Hermione Granger. Þau eru nemendur við skólann. Og þetta er Ronan. Hann er kentár.“

„Við tókum eftir því,“ sagði Hermione **uppburðalítill**.

„Gott kvöld,“ sagði Ronan. „Svo að þið eruð nemendur? Lærið þið eitthvað nytsamlegt í skólanum?“

„Ja ...“

„Pínulítið,“ sagði Hermione feimnislega.

„Pínulítið. Jæja, það er þó eitthvað.“ Ronan andvarpaði. Hann kastaði höfðinu aftur og starði upp í himinhvolfið. „Mars skín skært í nótt.“

„Já, það er satt,“ sagði Hagrid og **gaut** augunum upp í himininn. „Heyrðu, ég er feginn að við rákumst á þig, Ronan, einhyrningur hefur verið særður. Hefurðu séð eitthvað óvenjulegt?“

Ronan svaraði ekki strax. Hann starði áfram upp í himininn án þess að depla auga. Svo andvarpaði hann aftur.

„Það eru alltaf þeir saklausu sem verða fyrstu fórnarlömbin,“ sagði hann. „Þannig hefur það alltaf verið og þannig er það enn.“

„Já, sagði Hagrid, „en hefurðu orðið var við eitthvað, Ronan? Eitthvað óvenjulegt?“

„Mars skín skært í nótt,“ endurtók Ronan. Hagrid horfði óþolinmóður á hann.

„Óvenju skært.“

„Já, en ég átti við eitthvað óvenjulegt hérna niðri á jörðinni,“ sagði Hagrid. „Þú hefur sem sagt ekki tekið eftir neinu skrítnu?“

Enn tók Ronan sér langa **málhvíld**. Loks sagði hann: „Í skóginum búa mörg leyndarmál.“

Þau sáu hreyfingu á milli trjáanna og Hagrid hóf upp bogann, en þetta var bara annar kentár, svarthærður með svartan hestbúk. Hann var villtari í útliti en Ronan.

„Hæ, Bane,“ sagði Hagrid. „Er ekki allt gott að fréttu?“

„Gott kvöld, Hagrid, ég vona að þér líði vel.“

„Ágætlega. Heyrðu, ég var einmitt að spyrja Ronan hvort hann hefði rekist á eitthvað óvenjulegt. Ég fann særðan einhyrning – veist þú eitthvað um það?“

Bane gekk til Ronans og stillti sér upp við hlið hans. Hann horfði til himins.

„Mars skín skært í nótt,“ sagði hann bara.

„Við vorum búin að heyra það,“ sagði Hagrid fúll. „Jæja, ef annar hvor ykkar verður var við eitthvað, látið mig þá endilega vita. Við skulum drífa okkur af stað.“

Harry og Hermione eltu hann út úr rjóðrinu og störfðu um öxl á Ronin og Bane þar til trén byrgðu þeim sýn.

„Það er aldrei hægt að fá skýr svör frá kentárum,“ sagði Hagrid pirraður. „Bölvaðir skýjaglópar. Hafa ekki áhuga á neinu nema himintunglunum.“

„Eru margir kentárar í skóginum?“ spurði Hermione.

„Ja, þónokkrir ... Halda sig að mestu út af fyrir sig en birtast yfirleitt ef ég þarf að eiga við þá orð. Kentárarnir eru **djúpvitrir** ... þeir vita meira en þeir láta uppi.“

Kynjaverur á hverju strái

Skoðum nú fleiri kynjaverur.
Margar hendur vinna létt verk
og hér er listi yfir nokkrar kynja-
verur sem hafa fundist í íslenskum
og erlendum sögum:



Nykur, marbendill, dreki, varúlfur,
draugur, álfur, skessa, tröll, dvergur,
vampíra, hafmeyja.

Kennarinn ykkar mun skipta kynjaverunum á milli ykkar og þið finnið upplýsingar (í bókum og á netinu) um þá veru sem þið fenguð úthlutaða. Munið að geta heimilda.

- Flettið upp á verkefninu *Kynjaverur á hverju strái* í vinnubókinni.
- Finnið a.m.k. þrjár myndir af kynjaverunni.
- Leitið upplýsinga um hegðun/skapgerð/hæfileika kynjaverunnar.
- Hvar er líklegast að sögupersónur rekist á kynjaveruna?
- Finnið sögu (bók, kvikmynd) sem kynjaveran kemur fram í.
- Útbúið samtal þar sem manneskja hringir í lögregluna og tilkynnir hvarf kynjaverunnar.
- Kynnið kynjaveruna fyrir bekkjarfélögum ykkar með því að sýna þeim myndir og segja þeim frá því sem þið funduð um veruna.
- Leikið einnig símtalið til lögreglunnar.

Settu þig í spor þess sem þú ert að leika. Hvernig rödd hefur þín persóna? Mundu að tala ekki of hratt og bera hvert orð skýrt fram.

Talaðu!

MÁLFRÖÐUR MÆLIR



Sælar elskurnar mínar. Nú er komið að því að ég segi ykkur eitt og annað um nafnorð. Áður hafið þið kannski heyrt að nafnorð eru hlutir sem hægt er að snerta.



LÁTIÐ NÚ REYNA Á PETTA - HVAÐ GETIÐ ÞIÐ FUNDIÐ MÖRG NAFNORÐ Á FIMM MÍNÚTUM?

En nafnorð eru ekki bara heiti þeirra hluta sem við getum snert. Jú, skoðum þetta nánar. Nafnorð skiptast í sérnöfn og samnöfn.

SÉRNÖFN

Sérnöfn eru nöfn fólks og staða: Karólína, Patreksfjörður, Ísland og Strandgata. Sum dýr heita líka einhverju nafni: Snati, Branda. Takið eftir því að sérnöfn eru alltaf skrifuð með stórum upphafsstaf.

SAMNÖFN

Samnöfn eru sameiginleg heiti á hlutum, fólki, dýrum, stöðum og tilfinningum. Þau sem hægt er að snerta kallast hlutstæð. Önnur sem ekki hægt að snerta s.s. gleði, reiði, mánudagur, desember kallast óhlutstæð.

Já, hann Tungulipur veit sínu viti. Hann veit að nafnorð eru til í eintölu og fleirtölu. Eintala þýðir að það er bara talað um eitt bein en fleirtala þýðir að um er að ræða tvö eða fleiri: mörg bein.



Núna er ég kenna honum um þrjú kyn nafnorða: Kvenkyn (hún), karlkyn (hann), og hvorugkyn (það). Kyn nafnorða er fundið með hjálparorðum: Hún/þær, hann/þeir eða það/pau. Dæmi: Hundurinn fer út að pissa - hann fer út að pissa. Hundurinn er þá nafnorð í karlkyni.

Nú er komið að ykkur. Hvað vitið þið um nafnorð?



Sögu svið

Það er mikilvægt að velja gott sögu svið eða umhverfi fyrir söguna sína. Það er til dæmis erfitt að skrifa drungalega draugasögu sem gerist á strönd á Spáni um hábjartan sumardag. **Andrúmsloftið** í sögunni er ekki mjög draugalegt. Oft nota höfundar líka veðrið til að skapa ákveðna stemmingu í sögum, sagan byrjar kannski í sól og sumaryl en svo þegar **hallar á** í lífi aðalpersónunnar er kannski kominn **bylur** eða rigning. Sögu svið getur verið borg, sveit, framtíðarland, geimurinn o.s.frv. Þegar þið lesið ævintýrið um Hans og Grétu hér á eftir, ímyndið ykkur hvernig sagan væri ef hún gerðist í stórborg.



Hvert er
sögu sviðið
hér?

Uppbygging

Sögur eru oft byggðar upp á svipaðan hátt. Það þýðir að saga hefur upphaf, atburðarás og endi. Í upphafinu er yfirleitt einhvers konar kynning, til dæmis á persónum og sögu sviði. Í atburðarásinni er eitthvert vandamál eða flækja sem persónurnar þurfa að glíma við og **hápunktur** sögunnar. Í endinum kemur fram einhver lausn. Auðvitað eru ekki allar sögur byggðar svona upp en þetta er þó algengasta uppbyggingin. Það eru til dæmis til sögur sem byrja á endinum.

Hans og Gréta ævintýri – úr safni Grimms bræðra

Þú þekkir líkast til ævintýrið um systkinin Hans og Grétu sem bjuggu, ásamt foreldrum sínum, í skógi. Móðir þeirra lést, faðir þeirra giftist aftur og **stjúpan** flutti inn. Hún var ekkert hrifin af börnum, fannst þau eins og hver önnur **plága** og stakk upp á því við föður þeirra að hann skildi þau eftir í skóginum. Hans heyrði um **áformin** og þegar þau voru sofnuð læddist hann út og fyllti vasana af smásteinum. Daginn eftir þegar faðir þeirra fór með þau út í skóg **stráði** Hans steinum í slóðina. Inni í miðjum skógi **yfirgaf** faðir þeirra þau en það var allt í lagi því Hans og Gréta gátu fylgt steinaslóðinni aftur heim til sín.

Stjúpan vildi reyna aftur en læsti núna útidyrhurðinni svo Hans gæti ekki farið út að safna steinum. Hans tók þá með sér brauð og daginn eftir þegar faðir þeirra fylgdi þeim inn í skóginn stráði hann brauði á slóðina. Þegar Hans og Gréta ætluðu að fylgja slóðinni heim fundu þau hana ekki. Smáfuglar höfðu étið brauðið. Þau urðu hrædd og ráfuðu villt um skóginn þar til þau komu að húsi sem var úr piparkökum og sælgæti. Þau vissu ekki að norn átti húsið, hún fann þau og læsti Hans inni í búi því hún ætlaði að fita hann og éta. Gréta var látin vinna erfið heimilisverk. Nornin vildi sjá hvort Hans væri ekki orðinn pattaralegur en Hans plataði nornina og rétti henni nagað bein. Þegar vika var liðin ákvað nornin að elda Hans en þá tókst Grétu með mikilli **útsjónarsemi** að ýta norninni inn í ofninn og loka hana þar inni.

Áður en systkinin yfirgáfu hús nornarinnar fundu þau fjársjóð sem þau tóku hluta af og tókst svo að rata heim til sín. Faðir þeirra var mjög glaður að sjá þau og stjúpan var flutt út.

Þýsku bræðurnir Jacob og Wilhelm Grimm söfnuðu þjóðsögum af miklum móð á 19. öld. Meðal sagna í safni þeirra eru Mjallhvít, Rauðhetta, Þyrnirós, Öskubuska og Úlfurinn og kiðlingarnir sjö.



Uppbygging Hans og Grétu

- **Persónur:** Í þessu ævintýri eru aðalpersónurnar systkinin Hans og Gréta. Aukapersónur eru faðir þeirra, stjúpmóðirin og nornin.

Hvaða ævintýri manstu eftir þar sem persónurnar eru: faðir, barn og stjúpa?


- **Sögusvið:** Sögusviðið er skógurinn.

- **Upphaf:** Í byrjun sögunnar eru systkinin kynnt, sögusviðið og aukapersónurnar (faðir þeirra og stjúpan).



● **Atburðarás:** Hægt er að skipta atburðarásinni í sögunni niður í fjóra atburði:

1. Stjúpan vill losna við börnin og þau eru teymd út í skóg.
2. Þar villast þau og finna hús úr góðgæti.
3. Þá lenda þau í klóm nornarinnar sem ætlar að éta Hans.
4. Hápunkturinn í sögunni er þegar Gréta bjargar Hans með því að drepa nornina.



● **Endir:** Lausnin í sögunni er að Hans og Gréta sleppa, finna leiðina heim og komast til pabba síns. Hann tilkynnir þeim að stjúpan búi ekki lengur hjá þeim.

Skref fyrir skref

Svona uppbyggingu er hægt að finna í mörgum sögum. Kíkið aftur á lagatextann *Bíólagið* framar í kaflanum og ræðið um uppbyggingu sögunnar sem þar er sögð.




Bókakynning

Til að vita hvaða bók væri gaman að lesa er gott að fá kynningu á hinum og þessum bókum. Veldu þér bók sem þú getur mælt með að aðrir lesi og kynntu hana fyrir bekkjarfélögum þínum.

Hafðu þessa punkta þér til hliðsjónar:

- Hvað heitir bókina og hver skrifaði hana?
- Hefur höfundur skrifað fleiri bækur?
- Um hvað er bókina í stuttu máli?
- Var bókina fyndin, spennandi, sorgleg, ævintýrleg? Taktu dæmi.
- Af hverju getur þú mælt með bókinni?



Að tala er að sá,
að hlusta er að
uppskera.



Hér er dæmi um bókakynningu, lestu hana yfir og sjáðu hvernig punktarnir eru nýttir:



Ég las bókina *Kamilla vindmylla og bullorðna fólkið*. Höfundur bókarinnar heitir Hilmar Örn Óskarsson og hann hefur skrifað fleiri bækur um Kamillu vindmyllu. Bókin sem ég er að kynna fyrir ykkur er sú fyrsta í röðinni en hinar heita *Kamilla vindmylla og leiðin úr Esjunni* og *Kamilla vindmylla og svikamyllurnar*. Höfundur hefur líka skrifað bókina *Funi og Alda falda* en hún fjallar ekki um Kamillu.

Fyrsta bókin fjallar um það að dularfullur geisli ferðast um borgina og í kjölfarið fara furðulegir hlutir að gerast. Fullorðna fólkið byrjar að rugla saman orðum og bullar í stað þess að tala skynsamlega. En Kamilla áttar sig á því að eitthvað alvarlegt er í gangi þegar foreldrar hætta að haga sér eins og foreldrar. Þeir nenna ekkert að hugsa um börnin sín og vilja bara leika sér og borða sælgæti. Kamilla og vinir hennar komast að því að brjáláður vísindamaður stendur á bak við geislann og saman hjálpast þau að við að stöðva hann og frelsa fullorðna fólkið.

Mér fannst bókin ótrúlega myndin, til dæmis hvernig höfundur lék sér að orðum og orðatiltækjum. Eins og þegar hann segist þurfa að taka málin í sínar eigin hendur því það er ekki hægt að taka málið í hendurnar á einhverjum öðrum. Þá þyrfti maður fyrst að taka hendur af einhverjum öðrum og það væri ekki bara dónalegt heldur líka subbulegt. Þetta fannst mér myndið. Mér þótti bókin líka spennandi þegar við fylgdumst með Kamillu og vinum hennar fara að stöðva vísindamanninn Elías Emil. Svo fannst mér áhugavert að vinur Kamillu gat talað 18 tungumál, ég væri til í að geta það.

Ég mæli með bókinni því hún er mjög skemmtileg, maður er fljótur að lesa hana og Kamilla er rosalega skemmtileg persóna.

Haflíði 5. ÁK

Málfarsmolinn

Málfarsmolinn

Það er skammvinn skemmtun
að pissa í skóinn sinn

Um málshætti

Málshættir eru stuttar og hnitmiðaðar málsgreinar sem hafa oft að geyma lífsspeki og ráðleggingar um hvernig gott er að haga lífi sínu. Þær hafa yfirleitt að geyma boðskap eða siðareglur sem hafa mótast með þjóðinni í gegnum aldirnar. Á Íslandi **tíðkast** að stinga málsháttum inn í súkkulaðiegg um páskana.

Í málsháttum er oft að finna rím og stuðla.

Dæmi: Allt er **vænt** sem **vel** er **grænt**.

Sjaldséðir eru
hvítir hrafnar.

Svo lengi lærir
sem lifir.

Þegar kötturinn er úti
leika mýsna inni.

Sá vægir
sem vitið hefur meira.

Hver er þinn uppáhalds
málsháttur?

Margur er knár þótt
hann sé smár.

Sá er vinur er
í raun reynist.

Barnið vex
en brókin ekki.

Það læra börnin
sem fyrir þeim er haft.

*Pabbi, þessar buxur eru
allt of litlar á mig. Ég er
sko enginn krakki lengur!*



Að myndskreyta málshátt
Veldu þér málshátt.
Sýndu merkingu hans
í teikningu/myndasögu
eða með ljósmynd.

Barnið vex en brókin ekki.

HEIMSBORGARAR

Atli Einarsson



Atli Einarsson

Atli Einarsson

Nafn: Atli Einarsson

Aldur: 10 ára

Stjörnumerki: Fiskar

Áttu gæludýr?

„Já, við eigum hund, rakka sem heitir Sómi. Og þar sem ég á heima á kúabúi get ég sagt að kýrnar séu líka nokkurs konar gæludýr. Þær eru 40. Þannig að ætli ég eigi ekki bara 41 gæludýr.“

Hvernig er dæmigerður dagur á Syðri Brekku?

„Bara ósköp venjulegur, held ég. Ég þarf að vakna kl. hálf sjö því skólabíllinn sækir mig kl. hálf átta. Ég hjálpa yfirleitt til í fjósinu áður en ég fer í skólann. Skólinn byrjar svo hálf níu. Við erum 36 í skólanum, fimm í 5. bekk eins og ég. Í tímum eru 5., 6. og 7. bekkur yfirleitt saman. Það er bara flott, þá kynnist maður fleiri krökkum. Í frímínútum finnst mér skemmtilegast að spila fótbolta.“

Eftir skóla fer ég heim með skólabílnum og vinn heimanámið. Svo fer ég oftast í tölvuna. Mér finnst hrikalega gaman að spila tölvuleiki. Ég er hrifnastur af ævintýra- og prautaleikjum. Seinni partinn fer ég aftur með pabba og Magneu, systur minni, í fjósið. Það þarf að mjólka, gefa, bursta, kemba og moka flórinn. Við hjálpumst öll að. Það er sko ekkert hægt að taka sér frí frá því að sjá um dýrin. Eftir kvöldmat horfi ég kannski á sjónvarpið eða þætti í tölvunni. Stundum les ég líka áður en ég fer að sofa.“

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

„Ég hef mikinn áhuga á útivist. Ég fer oft með mömmu í langar göngur og nokkrum sinnum í fjallgöngur. Það er frábært. Ég kann á áttavita og að lesa af korti. Ég væri alveg til í að vera í björgunarsveit þegar ég verð eldri. Svo er ég að læra á gítar og væri til í að prófa trommur líka.“

Taktu viðtal við bekkjarféлага.

Semdu fimm spurningar um eitthvað sem þú veist ekki nú þegar en langar að vita um bekkjarfélagann. Reyndu að forðast lokaðar spurningar sem gefa bara já eða nei svör.





Hvað á ég að gera? Leiðbeiningar og fyrirmæli

Í þessum kafla lærir þú:

- að lesa leiðbeiningar og fyrirmæli.
- að búa til leiðbeiningar og fyrirmæli.
- ýmislegt um sagnorð.
- að nota samtengingar í ritun.

Listin að leiðbeina

Leiðbeiningar segja manni hvernig á að gera eða búa eitthvað til. Leiðbeiningar geta bæði verið skriflegar og **munlegar**. Leiðbeiningar er líka hægt að setja fram í myndum.

Sá sem leiðbeinir þarf að gera það á skýran og einfaldan hátt, skref fyrir skref. Sá sem fylgir leiðbeiningum þarf að taka vel eftir og fara eftir **fyrirmælunum**.

Í daglegu lífi þarf oft að fara eftir leiðbeiningum eða fyrirmælum.

Við treystum á leiðbeiningar til að:

- **leysa verkefni í skólanum.**
- **elda eða baka eftir uppskriftum.**
- **læra á nýjan tölvuleik.**
- **setja saman húsgögn.**
- **vita hvernig á að þvo fatnað.**
- **læra að þróa.**
- **skilja leikreglur í nýju spili.**
- **hvernig á að breyta stillingum í símanum.**
- **vita hvað þjálfarinn vill að gert sé á æfingunni.**
- **raða rétt í uppvottavélina.**

Hvenær notið þið leiðbeiningar eða hlustið á fyrirmæli?



Það er leikur að læra krakkar mínir. Nú skulið þið fara í uppáhalds leikinn minn: Jósef/Jósefína segir!

Veljið stjórnanda sem gefur fyrirmæli og segir hvað hinir eiga að gera.

Tökum dæmi.

Jósef segir: Hoppið eins og froskar.

Þá herma allir hinir eftir. Ef stjórnandinn segir ekki Jósef/Jósefína á undan fyrirmælunum þá eiga hinir ekki að gera neitt.

Hahaha, þessi leikur er alltaf jafn skemmtilegur. Pant ver'ann!



Útlit og innihald

Leiðbeiningar og fyrirmæli er hægt að setja fram á ýmsa vegu. Hér eru nokkur dæmi:

Fylgdu eftirfarandi fyrirmælum.

1. Stattu upp.
2. Klappaðu saman lófum.
3. Stappaðu niður fótum.
4. Snúðu þér í hring.

1

Þetta eru einfaldar leiðbeiningar. Þær eru númeraðar til að auðvelda þér að fylgja þeim, skref fyrir skref. Einnig er hægt nota ýmis áherslumerki til að afmarka hvert atriði.

Fylgdu eftirfarandi fyrirmælum.

Finndu til rauðan trélit **og** eitthvað til að teikna á. Dragðu mátulega stóran hring á mitt blaðið. Bættu **svo** við augum ofarlega í hringinn. Því næst skaltu teikna nef **og** munn. Þegar því er lokið máttu teikna hár **og** eyru.

2

Myndir henta oft betur en orð.

3



Þessar leiðbeiningar reyna meira á lesskilning þess sem fylgir þeim. Taktu vel eftir feitletruðu orðunum. Þau kallast sam-tengingar. Samtengingar tengja saman atriði í rétta tímaröð.



Samtengingar tengja saman
orð og setningar. Gott er að hafa þessar
samtengingar í huga þegar gera þarf
hluti í rétttri röð.

næst
því næst
þegar
á meðan
síðan

eftir það
að því loknu
og
svo

Veldu eitt af eftirfarandi atriðum:

- Að skrifa smáskilaboð.
- Að taka vítaskot.
- Að flétta hár.
- Að búa til samloku.
- Að drekka úr flösku.
- Að taka mynd með farsíma.
- Að spennna bílbelti.
- Að læsa reiðhljóli.
- Eitthvað annað sem þér dettur í hug.

Ímyndaðu þér að þú sért að leiðbeina einhverjum sem hefur aldrei gert það sem þú ert að kenna. Skrifaðu einfaldar leiðbeiningar. Hugaðu vel að uppsetningu. Hafðu dæmin þrjú hér á undan til viðmiðunar.



MÁLFRÓÐUR MÆLIR

Sæll
vertu,
lesandi
góður.
Spjöllum að-
eins um
sagnorð.

Ég er sérlega hrifinn af sagnorðum.
Þau eru svo lífleg. Alltaf að bralla
eitthvað, bardúsa.
Sei sei já! Sagnorðin segja frá
því sem einhver gerir.

Áttu við orð eins og
að hlaupa, dansa, syngja,
teikna og hlæja.
Ég þekki þau vel.
En ég kalla þau
STUÐorðin.

STUÐorð,
já þú segir nokkuð.
Sagnorð geta staðið í
nútið og þátíð. Til að mynda
borða ég hrútspunga í dag
en í gær borðaði
ég sviðasultu.

Þegar kemur
að leiðbeiningum
eru sagnorðin ákaflega
nauðsynleg. Þau sjá um að
segja þeim er les nákvæmlega
hvað hann eða hún á að gera.
Þá segjum við að sagnorðin
séu í boðhætti.

Tungulipur, stattu upp, farðu niður
og sæktu inniskóna mína. Settu þá í kjaftinn,
hlauptu upp stigann og gettu þrisvar.
Leggðu þá svo hingað á mottuna.

Humm, hann er
sennilega þreyttur
greyið. Ég sæki skóna
bara sjálfur.

Komdu, Málfróður.
Dönsum, syngjum
og kætumst!

Kanntu brauð að baka?

Ágæt leið til að þjálfra leiðbeiningalæsi er að fara eftir mataruppskriftum. Að fylgja uppskrift er vandaverk því ekki vill maður gleyma mikilvægum **hráefnum**. Það getur haft slæm áhrif á lokaútkomuna. Þeir sem búa til uppskriftir fylgja yfirleitt sömu **formúlunni**.

Finna þarf gott, girnilegt og grípandi heiti á réttinn. Skrifa þarf lista þar sem upp er talið allt það hráefni sem til þarf og í lokin er skýr og nákvæm verklýsing. Hér fyrir neðan er gott dæmi um hvernig uppskriftir eru yfirleitt settar fram.

Amerískar pönnukökur Andrésar

Hráefni:

2 egg
4 msk sykur
2 bollar hveiti
2 tsk lyftiduft

4 dl mjólk
smjör á pönnuna
hlýnsýróp

Aðferð:

Hrærið egg og sykur vel saman.

Hrærið hveiti og lyftiduft út í.

Bætið mjólk út í blönduna, litlu í einu, og hrærið þar til deigið er laust við kekki.

Hitið pönnuna á eldavel og setjið á hana smjörklípu, u.þ.b. eina teskeið.

Hellið deigi úr ausunni á vel heita pönnu og steikið í u.þ.b. 20-30 sekúndur á hvorri hlið-eða þar til pönnukakan er gullinbrún. Raðið steiktum pönnukökum í stafla á disk og hellið hlýnsýrópi yfir.

Stóra Disney matreiðslubókin, Edda útgáfa 2010, bls. 14

Skammstafanir

Í langflestum uppskriftum rekst maður á ákaflega skritin orð.

MSK, tsk, dl og ml kannist þið sennilega við. En hvað þýða þessi orð eiginlega? Jú, þetta eru skammstafanir, styttingar á orðum sem koma mjög oft við sögu í uppskriftum.

msk = matskeið

tsk = teskeið

dl = desilíttri

ml = millilíttri

g = grömm

kg = kílógrömm

Athugið að ekki á að setja punkt á eftir skammstöfunum sem tákna mælieiningar.

AAAtjú!!!

Það getur farið illa þegar fyrirmælin **skolast til**. Slíkt kom einmitt fyrir í eldhúsi Hérastubbs bakara í Hálsaskógi hér um árið. **Lærlingur** nokkur fékk það vandaverk að baka piparkökur og fékk góðar leiðbeiningar. Hann átti þó í stökustu erfiðleikum með að muna þær, ruglaði saman teskeið og kílóí og því fór sem fór.

Nánari frásögn um ævintýri héranna í bakariinu er að finna í sögunni um Dýrin í Hálsaskógi eftir hinn norska Thorbjörn Egner. Söguna flutti hann fyrst í barnatímanum í norska útvarpinu en árið 1953 kom hún út í bók með mynd-skreytingum eftir Thorbjörn sjálfan. Síðar skrifaði höfundur leikrit eftir sögunni sem enn þann dag í dag nýtur feikna vinsælda. Það hefur til að mynda verið flutt mörgum sinnum í Þjóðleikhúsi Íslands.



Hérastubbur er virtur bakari í Hálsaskógi. Hann sést hér með bakaradrengrum sem er að læra til bakara.

Svona hljómuðu leiðbeiningarnar sem bakaradrengurinn fékk.

Þegar piparkökur bakast
kökugerðarmaður tekur
fyrst af öllu steikarpottinn
og eitt kíló margarín.
Bræðið yfir eldi smjörið
en það næsta sem hann gjörir
er að hræra kíló sykurs
saman við það, heillin mín.

Þegar öllu þessu er lokið
takast átta eggjarauður,
maður þær og kíló hveitis
hrærir og í potti vel.
Síðan á að setja í þetta
eina litla teskeið pipar.
Svo er þá að hnoða deigið
og breiða það svo út á fjöl.

Thorbjörn Egner



Hérastubbur hefur fengið sér tölvu og
sett upp sitt eigið matarblogg. Hann
vill gjarnan setja uppskriftina að sínum
frægu piparkökum á bloggið. Piparóhapp
bakaradrengsins hefur þó sýnt honum að
leiðbeiningarnar mættu vera skýrari.
Hann biður ykkur um að endurskrifa
uppskriftina svo allir eigi auðvelt með
að fylgja leiðbeiningunum.

- Veljið gott heiti.
- Setjið upp lista yfir hráefni.
- Skrifðið skýra og einfalda verklýsingu.



VARÚÐ!
VARÚÐ!



Rebbi hafði rétt fyrir sér.
Þessar piparkökur eru óætar. Hann hefur
nú fengið stuðning úr óvæntri átt.
Norski bakarinn Ann Britt Árli bakaði nefnilega
piparkökur eftir uppskrift Hérastubbs og segir þær
vera bragðvondar. Hún bendir Hérastubb á að
bæta við sýrópi, negul og engifer til að bragðbæta
kökurnar. Og hafðu það, Hérastubbur minn!

Vigdís Finnbogadóttir

Vigdís Finnbogadóttir

er góð fyrirmynd



Vigdís Finnbogadóttir var fyrsta konan í öllum heiminum til þess að gegna embætti forseta **lýðveldis**. Hún var fjórði **þjóðhöfðingi** Íslands og sat á Bessastöðum á árunum 1980–1996.

Eftir að hún lauk störfum sem forseti hefur hún unnið að því að styrkja tungumál og menningu. Hún hefur alltaf hvatt fólk til að rækta móðurmál sitt, læra önnur tungumál og kynnast menningu annarra þjóða.

„Tungumál eru lykill að heiminum.“ Vigdís Finnbogadóttir

Árið 1998 fékk menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna Vigdís til að vera velgjörðarsendiherra tungumála, sem þýðir að hún reynir að vekja athygli á mikilvægi tungumála, efla læsi jarðarbúa og standa vörð um tungumál sem eru í útrýmingarhættu.

Hún er líka verndari norrænna táknmála og leggur áherslu á mikilvægi þess að eiga sér tungumál og geta talað það. Það eru til dæmis ekki mörg ár síðan íslenska táknmálið var viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og **daufblindra**.

Háskóli Íslands ákvað að nefna stofnun í erlendum tungumálum í höfuðið á Vigdís. Háskólinn vildi með nafngiftinni sýna Vigdís þakklæti sitt fyrir alla hennar vinnu á sviði tungumála og menningar.



Forsetar Íslands frá stofnun lýðveldis:

- Sveinn Björnsson
- Ásgeir Ásgeirsson
- Kristján Eldjárn
- Vigdís Finnbogadóttir
- Ólafur Ragnar Grímsson.

STAFSETNINGARSJÓNAUKINN

Reglan um ng og nk

Á undan ng og nk er skrifaður **grannur sérhljóði** þótt framburður gefi annað til kynna.

Dæmi: banki, fangi, drengur, engi, spöng, þungur, syngja.

Á reglunni eru þó nokkrar undantekningar.

Skrifa skal ó og æ í samræmi við framburð.

Dæmi: frænka, kónguló, vængur, kóngur.



Getur þú fundið fleiri ng eða nk orð?
Settu saman vísu eða rapptexta þar
sem meirihluti orða eru ng eða nk orð.
Vísuna eða rappið er tilvalið að flytja
fyrir náms- eða bekkjarfélaga.

angi pungur syngja
Inga lunga ranga ungi
hanga pyngja fingur hanki
banki Steinki krunka



Það mætti halda að þessir vinir NG
og NK séu ofsahræddir við kommur!
Þeir bara þola ekki kommur nálægt
sér. En þeir eru þá líklega ekki hræddir
við kóngulær eða kónga!

Grannir sérhljóðar
a, e, i, o, u, y, ö.
Breiðir sérhljóðar
au, á, í, ei, ey, ó, ú, æ.



Inga og Ingi keyptu **hring** í Kringlunni
handa **frænku** sinni. Þau höfðu **lengi**
safnað **peningum** fyrir gjöfinni. Það tók
langan tíma að **ganga** í veisluna en
systkinin **sungu** alla leiðina um hann
Svanga-Manga.

Svangi-Mangi

Það er langur gangur
fyrir hann svanga Manga
að bera þang í fangi
fram á langa tanga.

Ljóðaljóð sem kveikir glóðaglóð

Í þessum kafla munt þú:

- velta því fyrir þér hvað ljóð er.
- skoða hvernig ólík verk verða til út frá sama efni.
- læra hvað persónugerving er og hvernig þú getur nýtt hana til að krydda tungumálið.

Óskasteinar

Fann

ég

á

fjalli

fallega

steina

alla,

þá

vildi

unaðslegu

þar

leyna.

faldi

í

mína

hellisskúta

óskasteina.

Huldi

heillasteina

þeim

alla

Er þetta ljóð?

Það er ekkert eitt rétt svar við spurningunni: „Hvað er ljóð?“

Það sem einum finnst vera ljóð finnst öðrum kannski óskiljanlegt bull. Skoðum þessi tvö ljóð:

Hvað finnst þér
vera ljóð?

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindi, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vakna og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Páll Ólafsson

Þetta er kallað bundið ljóð, því það fylgir ákveðnum reglum. Það er t.d. rím í endanum á annarri hverri línu (t.d. snjóinn – spóinn og hún – tún). Eins má segja að það sé taktur í ljóðinu, taktur í ljóðum er kallaður hrynjandi.

Hvað finnst þér um þessi ljóð?
Hvaða ljóð þykja þér falleg?
Af hverju? Ef þú lokar augunum
og hlustar á ljóðin lesin, hvað
sérðu þá fyrir þér?

Brauðmylsna

Ekki borða mat inni í herberginu þínu,
sagði mamma. Þá fjölgar pöddunum.
Þær reiða sig á fólk einsog þig.
Annars myndu þær svelta.
En hvern viltu gleðja,
mömmu þína eða fullt af maurum?
Hvað hafa þeir gert fyrir þig?
Ekkert. Þeir hafa engar tilfinningar.
Þeir éta sælgætið þitt. Samt
kemurðu betur fram við þá en þú
kemur fram við mig.
Þú gefur þeim að staðaldri.
En þú býður mér aldrei neitt.

Hal Sirowitz

Þetta ljóð myndi flokkast sem óbundið ljóð. Það fer í raun ekki eftir neinum reglum, heldur ákveður höfundur hversu margar línur ljóðið er, hvernig hann skiptir málsgreinum niður í línur og hvort hann kæri sig um að hafa rím í endanum eða ekki.

Að frelsa heiminn

Að frelsa heiminn er eins og að standa uppi á stól
í stóru veitingahúsi og kalla út í salinn:
Hér inni er stúlka í alltof þröngum kjól.
Og öllum er ljóst, að þessi maður er galinn.

Það er sama, þótt þú sért góður maður og gegn
og gangir í hlé eins og drengur, saklaus og feiminn.
Þú ræðst samt alltaf á það, sem þér er um megn,
og þessvegna tekst þér aldrei að frelsa heiminn.

Steinn Steinarr

Rím í enda ljóðlína
er svo skemmtilegt.

Stól - kjól.

Salinn - galinn.

Finnur þú meira endarím í ljóðinu?
En finnst ykkur ekki að gefa ætti
stúlkugreyinu kjól sem passar?

**Engill í snjónum**

Engill í snjónum

Og ef til vill
flýgur hann
með ótta minn
lengst inn í jökulheima

Nína Björk Árnadóttir

Leyndarmál

Ég sagði engum frá því
en
öll þessi sumur
var ég innst inni
að vonast eftir

Heklugosi.

Þórður Helgason

Klapparstígur

Hún samþykkir ekki að stjörnurnar séu hnettir vill að þær séu litlar ljósaperur í snúrum sem einhver hefur hengt í nýmálað loftið og hana langar svo mikið að finna rofann svo hún geti laumast til þess að kveikja á nokkrum týrum þegar henni er mjög illt.

Sigurbjörg Þrastardóttir

Hér hefur skáldið ákveðið að sleppa öllum greinarmerkjum. Þess vegna verður þessi málsgrein heldur löng. Hvernig væri hægt að skrifa sama texta í þremur málsgreinum?



Punktur, spurningarmerki og upphrópunarmerki eru allt greinarmerki sem gefa okkur til kynna að málsgreininni sé lokið. Ef önnur málsgrein kemur á eftir . ? eða ! þarf að byrja á því að skrifa stóran staf í upphafi málsgreinarinnar, eins og alltaf. Greinarmerki eru hálfgerð lestrarmerki, því þau gefa okkur upplýsingar um það hvar skal hafa hik eða smá bið í lestri. Gott er að stoppa og draga inn andann þegar . ? eða ! kemur áður en lesið er áfram. Þá hafið þið það, mínir kærar, og hér set ég punktinn.

1. apríl

Marsbúinn

Andri Snær Magnason



Er þetta ekki eitthvert orðagrín? Annars þekki ég einn Marsbúa og hann á afmæli í lok mars.

Ég hef sagt það áður og segi það aftur ...

Stundum er sagt að það sé búið að yrkja um allt. En það er svo skemmtilegt að þó svo að margir hafi ort um það sama, til dæmis um tunglið, þá eru ekki til tvö eins ljóð um tunglið.



Skoðum nokkur ljóð sem öll hafa verið ort um hunda. Ræðið hvort og þá hvað ykkur finnst vera líkt með ljóðunum.

Latasti hundur í heimi

Latasti hundur í heimi
hann væri oft á **sveimi**
í borginni þar sem ég bý
bara ef hann nennti því.

Hann **skeytir** ekkert um aðra
nennir aldrei að **snuðra** eða **flaðra**
ekki neitt upp að þefa
og aldrei að bíta eða slefa.

Hann nennir engan að elta
ekki heldur að gelta
engan veginn að urra
kannski einstaka sinnum að **murra**.

Í rauninni má kallast algert undur
að hann skuli nenna að vera hundur.

Þórarinn Eldjárn

Heyrðu snöggvast, Snati minn

Heyrðu snöggvast, Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu ekki hringinn þinn
ég **hermannlega** bæri?

Lof mér nú að leika að
látúnshálgjörð þinni.
Ég skal seinna jafna það
með jólaköku minni.

Jæja þá, í þetta sinn
þér er heimil ólin.
En hvenær koma, kæri minn,
kakan þín og jólin?

Þorsteinn Erlingsson

Glaðasti hundur í heimi

Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi
og ég er að „fílaða“.
Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi,
lífið henti í mig beini og ég ætla að „nagaða“.

Ég hoppa út um **holt** og hóla,
bæði galti og **spangóla**,
í dag ég ætla mér bara **að dóla**.

Ég er frjálss og engum **háður**,
bæði elskaður og **dáður**,
í hundaskóla lífsins hef ég margar **gráður**.

Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi
og ég er að „diggaða“.
Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi,
lífið henti í mig beini og ég ætla að „nagaða“.

Bak við kjötbúðina **slóra**.
Hitti Konráð B. og Óla,
þeir láta mig fá pulsu svaka stóra.

Ég ætla niðrí fjöru að **skreppa**
gá hvort ég finni aðra **seppa**,
ef ég sé hunds rass læt ég hann ekki sleppa ...

Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi.
Mér er klappað á hverjum degi
og ég er að „fílaða“.
Ég er glaðasti, glaðasti,
glaðasti hundur í heimi,
lífið henti í mig beini og ég ætla að „nagaða“.



Skoðum saman fjólubláu orðin. Hvað þýða þau? Eigum við önnur orð í íslensku sem hafa svipaða merkingu? Í textanum kemur fyrir orðið pulsa, hvort segið þið pulsa eða pylsa? Hvað segir orðabókin um sama orð.



Semjið ljóð sem fjallar á einn eða annan hátt um súkkulaði.
Flytjið svo ljóðið fyrir bekkinn. Voru mörg ljóð alveg eins? Voru einhver ljóð mjög svipuð? Var eitthvert ljóð allt öðruvísi en flest?

Gefðu því líf

Það er talað um persónugervingu þegar fyrirbæri sem er ekki mennskt (t.d. dauðir hlutir, gróður, dýr) fá **mennska** eiginleika, þ.e. gera eitthvað sem manneskjur gera.

Dæmi um persónugervingu

er að segja að ljósastaurar vakni á morgnanna og teygji úr sér eða að þeir standi vörð um göturnar. Hér er verið að líkja ljósastaurum við manneskjur sem vakna, teygja úr sér eða standa vörð.



Skoðið málsgreinarnar og finnið persónugervingar.

- Sængin liggur letilega í rúminu og ætlar ekki á fætur í dag.
- Ískápurinn gargar á mig að koma og drekka gosið sem hann geymir.
- Sjónvarpið gaf frá sér síðasta andvarpið um leið og landsliðið skoraði sigurmarkið.
- Lækurinn hvíslar að mér leyndarmálum fortíðarinnar.
- Eldhústólarnir sitja hljóðlega við borðið og bíða eftir matnum.
- Snjókornin svífa rólega til jarðar, blístrandir og kát því þau elska veturinn.
- Öldurnar svamla í sjávarmálinu og hlakka til þess að það flæði að.



Lesið saman þessi ljóð og finnið persónugervingar í þeim:



Ég á lítinn skrýttinn skugga

Ég á lítinn skrýttinn skugga,
skömmin er svo líkur mér,
hleypur með mér úti' og inni,
alla króka sem ég fer.
Allan daginn lappaléttur
leikur hann sér kringum mig.
Eins og ég hann er á kvöldin,
uppgefinn og hvílir sig.
Það er skrýtið, ha ha ha ha,
hvað hann getur stækkað skjótt,
ekkert svipað öðrum börnum,
enginn krakki vex svo fljótt.
Stundum eins og hugur hraður
hann í tröll sér getur breytt.
Stundum dregst hann saman, saman
svo hann verður ekki neitt.

Sig. Júl. Jóhannesson

Silungsveiði á Íslandi

Skýin strjúka svarta **mela**
hvítum mjúkum lófa
bera upp að **vanga** sér
dökka og **hrjúfa** húð landsins

bleik fjöll og blátt gras
ég hlusta á vatnið **skvaldra**

í ljósum **himnavötnum**
svamlar stöku ský
líttu á
grænir bakkar árinna
rísla við vatnið

blæs í eyra mér
ofurlétt
togar í hárið
og bláar örvar á vatninu
benda allar á mig
í appelsínugulu vesti.

Ingunn Snædal

Eitt eilífðar smáblóm

Lofsöngur

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.
 Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
 þínir **herskarar**, tímanna safn.
 Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
 og þúsund ár dagur, ei meir,
 eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár
 sem tilbiður guð sinn og deyr.
 Íslands þúsund ár –
 eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár
 sem tilbiður guð sinn og deyr.

Matthías Jochumsson



Um þjóðsönginn

Flest lönd eiga sinn þjóðsöng sem fluttur er við hátíðlegar athafnir og landsleiki svo fátt eitt sé nefnt. Ljóðið *Lofsöngur* er eftir Matthías Jochumsson og var það samið við lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar í tilefni af þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874. Þetta lag sló í gegn meðal almennings og var ákveðið að það yrði þjóðsöngur Íslendinga. Ljóðið er í heild þrjú erindi.

Stundum kemur upp sú umræða að skipta eigi um þjóðsöng. Þau lög sem oftast eru nefnd í því samhengi eru við ljóðin Öxar við ána og Ísland er land þitt.

Öxar við ána

Öxar við ána, **árdags** í ljóma,
 upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
 Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
 skundum á Þingvöll og **treystum vor heit**.
 Fram, fram, aldrei að **víkja**!
 Fram, fram, bæði menn og **fljóð**!
 Tengjumst tryggðarböndum,
 tókum saman höndum,
 stríðum, vinnum vorri þjóð!

Steingrímur Thorsteinsson



Skoðið þessi þrjú ljóð.

Hvað eiga öll ljóðin
 sameiginlegt?

Hvaða ljóð finnst þér fallegast
 af þessum þremur? Af hverju?

mín skoðun



Veldu þér eitt af þessum þremur
 ljóðum. Teiknaðu mynd sem þér
 finnst lýsa innihaldi ljóðsins.

Ísland er land þitt


Ísland er land þitt og ávallt þú geymir
 Ísland í huga þér hvar sem þú fer.
 Ísland er landið sem ungan þig dreymir.
 Ísland í vonanna birtu þú sér.
 Ísland í sumarsins algræna **skróði**.
 Ísland með blikandi norðljósatraf.
 Ísland er feðranna **afrekum hlúði**.
 Ísland er **foldin**, sem lífið þér gaf.
 Íslensk er þjóðin sem **arfinn** þinn geymir.
 Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
 Íslensk sú **lind** sem um æðar þér streymir.
 Íslensk er vonin af bjartsýni full.
 Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
 Íslensk er **lundin** með karlmennsku þor.
 Íslensk er vísan, hinn íslenski **bragur**.
 Íslensk er trúin á frelsisins **vor**.
 Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
 Íslandi **helgar** þú krafta og starf.
 Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma,
 íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
 Ísland sé blessað um aldanna raðir,
 íslenska moldin er lífið þér gaf.
 Ísland sé falið þér, eilífi faðir.
 Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

Margrét Jónsdóttir

Málfarsmolinn

Málfarsmolinn

Að hitta naglann á höfuðið á meðan
hnífurinn stendur í kúnni ...



Orðatiltæki

Orðatiltæki eru merkileg fyrirbæri sem lífga upp á málið okkar. Þau standa yfirleitt ekki ein og sér heldur eru notuð í ákveðnu samhengi. Mörg þeirra orðatiltækja sem við þekkjum í dag urðu til fyrir löngu síðan og tengjast atburðum eða **verklagi** sem þá tíðkaðist. Önnur eru yngri og **auðskildari**. Orðatiltæki spretta ekki bara upp á blaðsíðum bóka eða af munni íslenskufraeðinga. Hver sem er getur búið til orðatiltæki.



Að berja höfðinu við stein

merkir að neita að viðurkenna eitthvað,
að þrjóstast við eitthvað. Hægt er að rekja
það til þess hve heimskulegt og tilgangs-
laust er að berja höfði við stein.

Of seint í rassinn gripið

merkir að eitthvað sé orðið of seint.
Merkingin er ef til vill tengd því þegar
einhver **hefur gert í buxurnar** og lítið
við því að gera.

Að skjóta yfir markið

merkir að ganga of langt í ákafa
eða mistakast eitthvað.

Að ganga af göflunum

merkir að missa stjórn á sér af gleði
eða reiði.

Að taka upp hanskan fyrir einhvern

merkir að taka málstað einhvers
eða rétta hjálparhönd.

Veldu þér tvö orðatiltæki og búðu til málsgreinar þar sem þú notar þau í réttu samhengi.

Eða ...

Veldu þér eitt orðatiltæki og teiknaðu mynd sem útskýrir merkingu þess.



Spakmæli

Spakmæli eru viturleg orð sem eru höfð orðrétt eftir einhverjum.

„bókdormar eru dýrategund
sem má ekki deyja út“

ævar vífindamður

„Megi mátturinn
vera með þér!“

Yoda

„Draumar þínir geta ræst,
ef þú hefur hugrekki til að
bera þig eftir þeim.“

Walt Disney

„Það er auðvelt að segja
nokkur hlýleg orð, en
bergmál þeirra er svo
sannarlega endalaust.“

MÓÐIR TERESA

„Er lífið ekki hundrað
sinnum of stutt til að
láta sér leiðast?“

Nietzsche

Stafsetningarsjónaukinn

Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði

Þegar tveir samhljóðar standa hlið við hlið kallast það **tvöfaldur samhljóði**.

Dæmi: kyssa, hoppa, ekki, uppi,

Oft getur reynst erfitt að vita hvort skrifa eigi einfaldan eða tvöfaldan samhljóða.

Þá er gott að huga að framburði.

Á undan tvöföldum samhljóða er stutt sérhljóð.


Á undan einföldum samhljóða er langt sérhljóð.

Sérhljóðar

a, á, e, é, i, í, o, ú, y, ý, ö

Samhljóðar

b, d, ð, f, g, h, j, k, l, m, n, p,
r, s, t, v, x, þ





Halli hoppaði hæð sína af gleði.
Pakkinn lá á **hillunni**. **Sigga**
frænka hafði komið með hann
snemma í morgun. **Halli** hafði
beðið **spenntur** eftir þessari
stundu síðan á **sunnudaginn**.
Amma kom **labbandi** með
kaffikönnu í **annarri** hendi.

Merking orða getur breyst eftir því
hvort skrifaður er einfaldur eða tvöfaldur
samhljóði.

Dæmi: dúkur – dúkkur, vegur – veggur,
baka – bakka


Á borðinu er dúkur.

Á borðinu eru dúkkur.

Þú sérð að það skiptir öllu máli að vita
hvort skrifa á eitt k eða tvö í dæminu hér
að ofan.

Finndu a.m.k. þrjú önnur orð sem
breyta um merkingu eftir fjölda
samhljóða og æfðu þig að búa til
málsgreinar þar sem gæti orðið
misskilningur ef orðið er ekki rétt
skrifað.





Fjölmiðlar

Í þessum kafla er fjallað um:

- hvað fjölmiðlar eru.
- fréttir og fyrirsagnir.
- netmiðla.
- áreiðanleika heimilda.


Hvað eru fjölmiðlar?

Helstu fjölmiðlar nútímans eru:

sjónvarp	útvarp	fréttablöð	netmiðlar
----------	--------	------------	-----------

Fjölmiðlar eru stór hluti af lífi fólks. Mörg heimili fá fréttablöð inn um lúguna á morgnana. Við getum valið um margar útvarpsstöðvar til að hlusta á yfir daginn og kveikjum á sjónvarpinu á kvöldin. Og netið er **innan seilingar** hvar og hvenær sem er, stútfullt af **afþreyingu** og upplýsingum.

Skoðaðu samsetta orðið **fjölmiðill**. Úr hvaða tveimur orðum er það myndað? Hvernig heldurðu að orðið hafi orðið til?



Fjölmiðill er tæki til að dreifa upplýsingum til margra á stóru svæði.

Nefnið fjölmiðla sem þið þekkið. Hvernig væri veröldin ef ekki væru fjölmiðlar? Hvernig haldið þið að fjölmiðlar verði eftir 100 ár?

Eins og eldur í sinu ...

Fyrir löngu síðan voru fréttir lengi að berast á milli manna. Notast var við bréfaskriftir, sendiboða og jafnvel bréfdúfur. Það gat tekið daga og vikur, jafnvel ár að koma mikilvægum fréttum til skila. Þegar farið var að prenta blöð hafði fólk aukinn aðgang að fréttum en tíminn sem það tók fyrir fréttir að berast var enn nokkuð langur.

Í dag fara fréttir **eins og eldur í sinu** um heiminn allan á örfáum sekúndum. Vefmiðlar eru yfirleitt fyrstir með fréttina. Líklegt er að hún verði í útvarpi og sjónvarpi innan klukkustundar og í fréttablöðum daginn eftir.

Stórkostlegt slys

*Sokkið stærsta skip heimsins.
1653 menn farast.*

— — —

London 18. apríl, kl. 4, 48 e.h.

Fólksflutningaskipið „Titanic“ rakst á hafisjaka á sunnudagskveldið kl. 10,25.

Skipið sökk á mánudagsnóttina kl. 2,20 f.h. 705 menn komust af. 1653 menn fórust.

Þeir sem björguðust koma til New York í kveld.

Daily Mail

Þetta ógurlega slys hefur orðið á miðju Atlantshafinu, eða eftir vill nokkru vestar.

Pólstraumurinn ber geysistöra fjalljaka með sjer á hverju vori norðan úr Grænlandsóbyggðum suður á móts við Nýfundnaland eða sunnar, svo að jafnvel eru dæmi til, að jakar hafi sjest á 36. stigi n br. (á móts við Gíbraltar á Spáni). Jakarnir flækjast inn í Golfstrauminn og hafa margoft orðið skipum að tjóni. Má nærri geta, að ekki er gott að varast þá í náttmyrkri, eins og verið hefur, þegar þetta slys varð, og ef til vill í þoku eða roki Titanic var spánýtt skip, sem WhiteStar-línan átti; hljóp af stokkunum í sumar

sem leið, og var að öllu hið vandaðasta og fullkomnasta fólksflutningaskip, sem til var í heimi. Það var 45,000 smál. að stærð og var smíðað til þess að keppa við skip Cunard-línunnar, en stærstu skip hennar eru 32,500 smál.

Skipið hefur verið nær fjórar klukkustundir að sökkva. Hefir það á þeim tíma getað sent loftskreyti um atburðinn og líklega hefur eitthvert skip borið að, áður en skipið sökk, sem hefur getað bjargað þeim 705 mönnum, er komust lífs af.

Slysið er eitthvert hið stórkostlegasta, sem sögur fara af.

Þessi forsíðufrétt birtist í Vísi þann 19. apríl 1912, sex dögum eftir að farþegaskipið Titanic sökk í sæ á leið sinni yfir Atlantshafið.

mbl.is

Innlent | mbl | 29.8.2014 | 0:43 |

Eldgos hafið norðan Dyngjújökuls

Sprungugos er hafið norður af Dyngjújökli, nyrst í Holuhrauni. Gosið hófst um miðnætti, u.þ.b. kl. 00:02, miðað við vefmyndavélar og jarðskjálftagögn, segir í frétt Veðurstofunnar um málið. Ekki er talið að fólk sé í hættu vegna gossins.



Takið eftir hvenær fréttin um eldgosið er skrifuð.

Hvað leið langur tími frá því að gos hófst og þar til fréttin náði til almennings?

Hvernig bárust upplýsingarnar til blaðamanna á mbl.is?

Ef Titanic slysið hefði átt sér stað í dag hvernig hefðu upplýsingarnar um það borist almenningi?

Fréttir og fyrirsagnir

H-in 5

Þegar fréttir eru skrifaðar er gott að hafa fréttasurningarnar 5 í huga. Þær eru stundum nefndar H5.

Hvað?

Hvar?

Hvenær?

Hvernig?

Hvers vegna?

HVAÐ gerðist?

HVAR átti það sér stað?

HVENÆR gerðist það?

HVERNIG vildi það til?

HVERS VEGNA gerðist það?

Stökk í sjóinn

Skömmu fyrir klukkan tvö í nótt var lögreglu tilkynnt um mann sem hafði stokkið í sjóinn við miðbakka í Reykjavík. Maðurinn var kominn á þurrt þegar lögreglu bar að garði. Hann bar því við að

hann hefði lengi langað að stökkva í sjóinn, eftir því sem fram kemur í skeyti frá lögreglu. Þar segir einnig að honum hafi ekki orðið meint af og var honum að því búnu ekið heim til sín.



Skoðið fréttina um sjóstökkvarann. Hér er augljóst að fréttamaðurinn hefur stuðst við H5 þegar hann vann fréttina. Finnið svörin við spurningunum fimm.

Fyrirsagnir

Fyrirsagnir fréttar geta verið margs konar. Sumar segja í stuttu máli frá innihaldi en aðrar eiga að vekja forvitni. Sumar eru **skondnar** og aðrar dramatískar. Aðalmálið er að fyrirsagnir kveiki áhuga lesandans á því að lesa áfram.

GEIMGANGA Í BEINNI ÚTSENDINGU

**NÆRBUXUR ÞRENGDU
AÐ ÞINGMANNI**

KÖNGULÓ YFIR SUÐURSKAUTINU

Fimm drónar sveimuðu yfir París

Ég missti bara stjórn á bílnum

Of mikil sykurneysla er áhyggjuefni



Þetta eru fyrirsagnir sem hafa birst á fréttamiðlum.
Skoðið þær vel og giskið á efni fréttanna.

Ekki trúa öllu sem þú lest ... á netinu!

Netið er stórkostlegt fyrirbæri. Þar má finna fróðleik og upplýsingar um allt milli himins og jarðar. Hver sem er, hvar sem er í heiminum getur deilt þekkingu með okkur hinum. Sem er hreint út sagt frábært en um leið **varhugavert**. Þegar maður leitar eftir upplýsingum eða les fréttir og greinar á netinu skal alltaf hafa í huga að hver sem er getur sett inn efni. Það þýðir að ekki er hægt að treysta og trúa öllu sem þar stendur. Það er mikilvægt að huga að því **hvar** upplýsingarnar er að finna og **hver** skrifar þær.

Segjum sem svo að þú fáið það verkefni í skólanum að gera stutta ritgerð um **Kínamúrinn**. Þú getur leitað upplýsinga í bókum eða á netinu. Þegar þú lest um Kínamúrinn í bók er auðvelt að sjá hver skrifaði textann og hvaðan upplýsingarnar koma. Þú sérð nafn höfundar á bókinni eða getur lesið um í **formála** hvaða sérfræðingar hafa skrifað textann. Aftast í bókinni er yfirleitt heimildaskrá sem sýnir hvaðan upplýsingarnar eru fengnar. Þú sérð líka hvaða bókaútgáfa gefur bókina út.

Það sama þarf að gilda um efni á netinu. Ef þú slærð inn leitarorðið Kínamúrinn í leitarvél færðu þúsundir vefslóða sem vísa þér á alls konar upplýsingar. Þú þarft að vera fær um að meta hvaða upplýsingar eru **áreiðanlegar**.

Skoðaðu þessa bók. Hverjir eru höfundar hennar? Er heimildaskrá í bókinni? Hver gaf bókina út? Er þessi bók, að þínu mati, áreiðanleg námsbók?



Skref fyrir skref

Sláið leitarorðinu Kínamúrinn inn í leitarvél á netinu.

- A. Hvað fann leitarvélin margar vefslóðir um efnið?
- B. Skoðið nánar fyrstu þrjár niðurstöðurnar. Eru þetta áreiðanlegar vefsíður?
- C. Prófið að þrengja leitina: *Kínamúrinn úr geimnum*. Hvað sýnir leitarvélin margar niðurstöður?

Hér á eftir fara dæmi um tvær vefslóðir um sama efni. Hvor upplýsingaveitan er áreiðanlegri? Hvers vegna?

- Ferðablogg Guðrúnar Sigurðardóttur sem ferðaðist að Kínamúrnum árið 2014 ásamt vinkonu sinni og lýsir því sem fyrir augu bar í ferðinni.
- Umfjöllun Helgu Sverrisdóttur stjórnmálafræðings og Ulríku Andersen, vísindablaðamanns um Kínamúrinn á Vísindavefnum.

Notaðu einföld en nákvæm leitarorð. Bættu gæsalöppum við leitarorðið til að þrengja leitina.



Stafsetningarsjónaukinn

N og NN í endingu orða

Minn og mín reglan

Oft er erfitt að vita hvort skrifa á N eða NN í endingu orða. Þá er heppilegt að kunna **minn** og **mín** regluna.

Reglan er einföld. Hjálparorðunum **minn** og **mín** er bætt aftan við orð. Ef hjálparorðið ber NN þá gildir það sama um orðið. Ef hjálparorðið ber N þá á hið sama við um orðið.

Dæmi: skólinn minn, taskan mín, pakkarnir mínir, bækurnar mínar.

Hjálparorðin beygjast í föllum líkt og nafnorð.

	ET	Ft
nf.	mín	mínar
þf.	mína	mínar
þgf.	minni	mínum
ef.	minnar	minna
nf.	minn	mínir
þf.	minn	mína
þgf.	mínum	mínum
ef.	míns	minna

mín (í - hljóð) = n
minn (i - hljóð) = nn



Systkinin (mín) rifust
daglega um tölvuna (mína).
Stelpan (mín) vildi spila tölvuleikina (mína)
en strákurinn (minn) vildi horfa á uppáhalds
myndböndin (mín) sín. Einn daginn (minn)
kom babb í bátinn (minn). Þegar krakkarnir
(mínir) komu heim úr skólanum (mínum)
var tölvan (mín) horfin. Í staðinn (minn) var
komið gamalt útvarpstæki og spilastokkur.
Á miða á borðinu (mínu) stóð: Spilið á
spilin (mín) og hlustið á útvarpið.
Tölvan (mín) snýr aftur þegar þið hafið
fundið vináttuna (mína).
Kveðja, pabbi.

Horfðu í kringum þig í
skólastofunni. Punktaðu hjá
þér 6 orð sem enda á n eða
nn. Hvort eiga að vera eitt
eða tvö n í orðinu? Mundu
hjálp(or)ðin.





Að leiðarlokum ...



Nú líður senn að lokum þessarar námsbókar, anginn minn.
Við Tungulipur höfum skemmt okkur konunglega við að
uppfræða þig um leyndardóma litla tungumálsins okkar,
íslensku. Mikið vona ég nú að þú hafir haft nokkuð gaman
af og jafnvel eitthvert gagn. Því til þess var leikurinn
gerður, já sei sei já. Hver veit nema við sjáumst aftur,
á öðrum síðum, í annarri skruddu.
Vertu ævinlega margblessaður, kæri lestrarlærlingur.
Þar til síðar.

Voff



Jæja, hvað segirðu þá? Var þetta ekki bara ágætis námsbók?
Ekkert allt of leiðinleg? Hún hefði svo sem getað verið betri
ef ég hefði fengið fleiri línur. Það er nánast gefið. Svona
bókagrín er vanmetið að mínu mati. Aldrei of mikið af því.
Ef þú kunnir að meta mitt innlegg í þessa skraufpurru
skræðu þá hvet ég þig eindregið til að senda
útgefandanum nokkrar línur og óska eftir því að ég fái
meira pláss í næstu bók. Jafnvel biðja um að bókin verði
nær eingöngu um mig og mitt gamanmál. Svo yrði nokkrum
svona fróðleiksmolum um íslensku skeytt inn á örfáum stöðum.
En nú er verið að segja mér að hætta. Þessi bók er búin.
Verum í bandi, trippið mitt!



Psst, mundu að
senda póst.

Heimildir

- Andri Snær Magnason. 1995. *1. apríl*. Ljóðasmygl og skáldarín. Nykur, Reykjavík.
- Brynja Þorgeirsdóttir, Bragi Valdimar Skúlason. 2014. *Orðbragð*. Forlagið, Reykjavík.
- Francesca Simon. 2007. *Nærbrók Skúla skelfis*. JPV, Reykjavík.
- Friðrik Erlingsson. 2003. *Benjamín dúfa*. Bjartur, Reykjavík.
- Gunnar Hjálmarsson. *Glaðasti hundur í heimi*. Sótt 08.01.2015. www.hateigsskoli.is
- Hal Sirowitz. 2001. *Brauðmysla*. Sagði Mamma. Dimma, Reykjavík.
- Helga Kress tók saman. *Engill í snjónum*. Stúlka, ljóð eftir íslenskar konur.
- Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hrund Þórsdóttir, 2007. *Loforðið*. Vaka Helgafell, Reykjavík.
- Ingunn Snædal. 2006. *Silungsveiði á Íslandi*. Guðlausir menn. Bjartur, Reykjavík.
- J.K. Rowling. 1997. *Harry Potter og viskusteinninn*. Bjartur, Reykjavík.
- Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2007. *Draugaslóð*. Mál og menning, Reykjavík.
- Lifandi vísindi, nr. 6/2014. *Heimaprentun úr plasti*.
- Magnús Þór Sigmundsson / Margrét Jónsdóttir. Ísland er land þitt.
- Sótt 20.01.2015 af www.snerpa.is
- Mbl.is. *Brúarskóli fékk spjaldtölvur að gjöf*. 08.01.2015, sótt 12.01.2015 af www.mbl.is
- mbl.is. *Eldgos hafið í Dyngjujökli*. 29.08.2014. Sótt 22.02.2015 af www.mbl.is
- Matthías Jochumsson. *Lofsöngur*. Sótt 20.01.2015 af www.forseti.is
- Sig. Skúli Jóhannesson. Ég á lítinn skrýtinn skugga. Sótt 08.01.2015. www.teigasel.is
- Sigurbjörg Prastardóttir. 2000. *Klapparstígur*. Hnattflug. JPV, Reykjavík.
- Steingrímur Thorsteinsson. Öxar við ána. Sótt 20.01.2015 af www.snerpa.is
- Steinn Steinarr. 1964. *Að frelsa heiminn*, Kvæðasafn og greinar. Helgafell.
- Stóra Disney matreiðslubókin. 2007 *Amerískar pönnukökur Andrésar*. Edda útgáfa, Reykjavík.
- Stökk í sjóinn*. 21.01.2014. Sótt 09.03.2015 af www.ruv.is
- Thorbjörn Egner. Þegar piparkökur bakast. Sótt 04.01.2015 af www.snerpa.is
- Timarit.is. Vísir – Forsíða, 19.04.1912. Sótt 24.02.2015 af http://timarit.is/view_page_init.
- Tryggvi Þorsteinsson. *Vertu til er vorið kallar á þig*. Sótt 30.03.2015 af <http://is.wikipedia.org/>
- Valgeir Guðjónsson, Egill Ólafsson. *Bíólagið*. Sótt 03.02.2015 af www.snerpa.is
- Þjóðsögur Jóns Árnasonar, *Reynistaðabræður*. 1961. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri.
- Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Þorsteinn Erlingsson. *Heyrðu snöggvast, Snati minn*. Sótt 08.01.2015. www.ljod.is
- Þórarinn Eldjárn. 2008. *Latasti hundur í heimi*. Kvæðasafn Þórarins Eldjárns.
- Vaka Helgafell, Reykjavík.
- Þórarinn Eldjárn. *Íslenskuljóðið*, Sótt 12.01.2015 af www.ms.is
- Þórður Helgason. 2008. *Leyndarmál*. Þórðarbókin. Nykur, Reykjavík.

Myndalisti

Shutterstock:

Bls. 6: Mclein, 9: Volina, 12-13: Filip Fuxa, 14-15: sweetok, 20: Anurak Pongpatimet, 30: e.t.v.: Gyuszkó – Photo. e.m.: judilyn, e.t.h.: Aleksandr Bryliaev, t.v.m. og t.v.n.: judilyn, t.h.m.: koya979, t.h.n.: Hurst Photo, 32: e.t.v.: Lightspring, n.t.h.: Atti Tibor, 33: vita khorzhevskaya, 34-35: VLADJ55, 45: Tilo G, 53,56 efri: Memo Angeles, neðri: onsuda, 58: Andrey Kuzmin, 64: kropic1, 66: LanKS, 69: max Topchii, 70: Valua Vitaly, 74: Radu Berca, 89: Fly_dragonfly, 92: Niyass, 104-105: fotohunter

Dreamstime:

bls. 67: Libux77, 77: Donfiore, 79: Vadim Yerofeyev, 84: Winai Tepsuttinun,

Skrá yfir ljósmyndir og rétthafa annars myndefnis

11 Helga Gerður Magnúsdóttir, birt með leyfi Samskiptamiðstöðvar heyrnalausra og heyrnaskertra.
16, 37. Birt með leyfi Forlagsins.
27 ýmsir vefmiðlar:
Sótt í Fréttablaðið 7. júlí: <http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/150707.pdf> og
17. júní: <http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/150617.pdf>
Sótt á Mbl.is: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/08/26/gagnryna_heliumbloddrur_a_ljosanott/,
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/08/26/folk_hvatt_til_ad_laesa_hjolum/
Sótt á timarit.is 26.08. 2015 – morgunblaðið 15.júlí 2011 og 3. desember 2011
Sótt á visir.is: <http://www.visir.is/islandsmeistari-i-reykjavikurmarathoninu---thu-ert-ad-sigra-sjalfan-thig-/article/2015150829260>
Sótt á kjarninn.is 26.08. 2015 – <http://kjarninn.is/2015/08/tveir-bandariskir-frettamenn-skotnir-til-bana-i-beinni-utsendingu/>
31 Birt með leyfi The Museum of Modern Art, New York, The persistence of Memory höfundur: Salvador Dalí.
38 Birt með leyfi Bjarts bókaútgáfu
43 Sótt af vefsíðu www.robotshop.com 27.08. 2015
44 Wikipedia, ljósmyndari: J. Weston & Son Photographers
48 Birt með leyfi RÚV – ljósmyndari: Konráð Pálmason
50 Wikipedia: https://en.wikipedia.org/wiki/Coat_of_arms_of_Iceland
51 Menntamálastofnun/SW
63 Wikipedia: https://en.wikipedia.org/wiki/Brothers_Grimm wikipedia.org/wiki/Brothers_Grimm
62 Birt með leyfi Ferðafélags Íslands – Ferðafélag barnanna. Ljósmyndari: Brynhildur Ólafsdóttir
67 Birt með leyfi Bókabeitunnar
78 Birt með leyfi erfingja Thorbjörns Egner
80 Árni Sæberg
81 Anna Guðmundsdóttir
101 Kristján Þór Kristjánsson

ORÐSPOR 1

íslenska fyrir miðstig grunnskóla

ISBN: 978-9979-0-2016-5

© 2015 Höfundar og réttihafar texta

© 2015 Ása Marin Hafsteinsdóttir, Kristjana Friðbjörnsdóttir

© 2015 Teikningar: Bergrún Íris Sævarsdóttir

© 2015 Teikning bls. 52: Patipat Asavasena

Lista yfir höfunda, réttihafa texta og ljósmynda er að finna
aftast í bókinni.

Ritstjórar: Arna Guðríður Sigurðardóttir og Sigríður Wöhler

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Yfirllestur og fagleg ráðgjöf: Finnur Friðriksson, Ph.D. Dósent HA,
Kristbjörg Eyjólfsdóttir grunnskólakennari

1. útgáfa 2015

Menntamálastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með
ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.



Talaðu!

Hlustaðu!

Lestu!

ORÐSPOR

1

íslenska fyrir miðstig grunnskóla

Ágæti nemandi

Þetta er bók fyrir þig. Hlutverk hennar er að bæta íslenskukunnáttu þína og færni til að tjá þig í ræðu og riti. Ef þú leggur þig fram um að lesa, skilja, læra, þjálf, ræða um og reyna það sem stendur í bókinni munt þú græða á því ævilangt.

Þú kynnist uppruna íslenskunnar, færð að grúska og grafa upp fróðleik um hitt og þetta, eflast í framsögn, tjáningu og hlustun, lesa sögur og spreyta þig í ritun.

Megi máttur tungumálsins ávallt vera með þér!

Orðspor er heildstætt námsefni í íslensku fyrir miðstig.

Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, báðar með langa reynslu af kennslu í grunnskólum. Þar að auki eru þær rithöfundar og hafa skrifað fyrir börn og fullorðna, ljóð og skáldsögur.



7194

m
MENNTAMÁLASTOFNUN

